



# HÁSKÓLI ÍSLANDS

**BA ritgerð  
Í Sagnfræði**

## **Blóm á leiði Ingibjargar**

Sameiginlegt ævisögubrot Ingibjargar Ólafsson og Despinu  
Kardja og framhaldslíf þess á skjalasafninu

**Steinunn Jónsdóttir**

Leiðbeinandi: Erla Hulda Halldórsdóttir, prófessor  
Febrúar 2023

**DEILD HEIMSPEKI, SAGNFRÆÐI OG FORNLEIFAFRÆÐI**

## Blóm á leiði Ingibjargar

Sameiginlegt ævisögubrot Ingibjargar Ólafsson og Despinu Karadja  
og framhaldslíf þess á skjalasafninu

Steinunn Jónsdóttir  
1309993369

Lokaverkefni til BA-prófs í sagnfræði  
Leiðbeinandi: Erla Hulda Halldórsdóttir, prófessor

Deild heimspeki, sagnfræði og fornleifafræði  
Hugvísindasvið  
Febrúar 2023

Blóm á leiði Ingibjargar. Sameiginlegt ævisögubrot Ingibjargar Ólafsson og Despinu Karadja og framhaldslíf þess á skjalasafninu.

Ritgerð þessi er 20 eininga lokaverkefni til BA-prófs við Deild heimspeki, sagnfræði og fornleifafræði á Hugvísindasviði Háskóla Íslands

© Steinunn Jónsdóttir, 2023

Ritgerðina má ekki afrita nema með leyfi höfundar.

## Ágrip

Sænsk-gríska prinsessan Despina Karadja og Ingibjörg Ólafsson hófu sambúð árið 1923 í kjölfar tilviljanakenndra kynna í höfuðstöðvum K.F.U.K í Stokkhólmi tveimur árum fyrr. Einkaskjalasafn Ingibjargar er varðveitt á Borgarskjalasafni Reykjavíkur, en það hefur vakið athygli hve litlar heimildir þar er að finna um samband hennar við Despinu. Í þessari ritgerð verður ævisöguleg aðferð notuð til þess að skýra samband þeirra tveggja – þar sem ævibrot þeirra verða fléttuð saman í sameiginlega ævisögu. Með því að gera helstu æviatriðum skil kemur einnig í ljós um hvað það ríkir þögn í skjalasafninu. Þá verður skjalasafnið skoðað frá tveimur sjónarhólum; annars vegar verður stækkunargleri beint að einstökum sendibréfum með hinsegin lestur að leiðarljósi. Hins vegar verður skjalasafnið sem heild skoðað; þar sem sjónum verður beint að því hvernig það verður til. Mótun skjalasafnsins og minningin sem ríkir þar um Ingibjörgu, Despinu og samband þeirra tveggja verður skoðað sem hluti af sameiginlegri ævisögu þeirra.

# Efnisyfirlit

1. Inngangur .....	5
1.2 Fræðilegt samhengi .....	7
1.3 Heimildir og efnisskipan .....	12
2. Saga tveggja kvenna.....	15
2.1 Æskuárin.....	15
2.2 Einar í erlendu landi .....	20
2.3 Sambúðin í Lundúnum .....	24
2.4 Kæra Dúna.....	28
3. Einkaskjalasafn Ingibjargar.....	30
3.1 Ritstíll og ritskoðun.....	31
3.2 Skörun orðræðu trúar og rómantíkur.....	34
3.3 Hirðdama, drottning, vinkona .....	36
3.4 Lesið í sorgina .....	37
4. Blómin á leiðinu, skjölin á safninu.....	40
4.1 Ummerki þagnarinnar .....	40
4.2 Ráðstöfun dánarbús .....	42
4.3 Ímyndarsköpun.....	44
4.4 Sjálfsmeðvitaður skjalamyndari.....	46
4.5 Það sem hvílir í Rottingdean .....	48
Niðurstöður.....	52
Heimildaskrá .....	56
Óprentaðar heimildir .....	56
Prentaðar heimildir .....	56

## 1. Inngangur

Mosagróid leiði í Saint Mary's kirkjugarðinum í Rottingdean ber auðlesna áletrun: „In loving memory of Ingibjörg Ólafsson .K.I.F. of Iceland called Home June 5th. 1962 aged 75 years,“ og þar fyrir neðan „Princess Despina Karadja 1892–1983.“ Ingibjörg Ólafsson var framkvæmdarstjóri Kristilegs félags ungra kvenna (hér eftir K.F.U.K.) í Reykjavík við upphaf annars áratugar síðustu aldar, hún sendi frá sér bækur og hélt fyrirlestra um kristileg málefni, en starfaði lengst af sem framkvæmdastjóri og ferðafulltrúi fyrir K.F.U.K. á Norðurlöndum.

Síðustu fjóra áratugi ævi sinnar var hún í sambúð með Despinu Karadja, sænsk-grískri prinsessu sem hafði einnig starfað innan K.F.U.K. á Norðurlöndum. Fyrst um sinn héldu þær heimili í Lundúnum, en síðar í smábænum Rottingdean við suðurströnd Englands. Í tuttugustu aldar skrifum um Ingibjörgu leikur Despina þó smávægilegt hlutverk, þar sem störf Ingibjargar á opinberum vettvangi eru í forgrunni. Þar er lögð áhersla á persónueinkenni á borð við þjóðerniskennd, trúrækni, réttsýni og vinnusemi. En á síðastliðnum árum hefur samband Ingibjargar og Despinu vakið athygli í samhengi við rannsóknir hinsegin sögunnar á rómantískri vináttu kvenna,<sup>1</sup> og þá hefur það verið sögð „sláandi staðreynd“ að engin bréf milli þeirra sé að finna í umfangsmiklu einkaskjalasafni Ingibjargar á Borgarskjalasafni Reykjavíkur. Gengið hefur verið út frá því að þær hafi skrifað á, en að bréfin hafi ekki varðveist – og því einkenni þagnir og eyður skjalasafnið.<sup>2</sup>

Líkt og skjalafræðingurinn Rodney G. S. Carter bendir á í skrifum sínum um þagnir og eyður í skjalasöfnum, er grafið undan þögninni um leið og hún er nefnd á nafn. Með öðrum orðum er þögnin rofin. Það sem áður var séð sem tómarúm fer að vekja upp spurningar og kalla á svör.<sup>3</sup> Stuttar frásagnir um Ingibjörgu og Despinu á vefsíðu *Huldukvenna* – heimildarsöfnunarverkefni um hinsegin kynverund kvenna, eru skýrt dæmi um ákall þagnarinnar eins og Carter lýsir því; þegar búið er að benda á hana, kallar hún á svar og fólk fer að velta fyrir sér orsök hennar.

---

<sup>1</sup> Sjá til dæmis: *Vef. Ásta Kristín Benediktsdóttir, Hafdís Erla Hafsteinsdóttir og Íris Ellenberger, „Eyður,“; Vef. Svanhildur Óskarsdóttir, „Fröken Ingibjörg Ólafsson erindreki,“; Kristín Svava Tómasdóttir, „Nýjar leiðir til að lifa og elska,“ 136.*

<sup>2</sup> Ásta Kristín Benediktsdóttir, Hafdís Erla Hafsteinsdóttir og Íris Ellenberger, „Eyður.“

<sup>3</sup> Carter, „Of Things Said and Unsaid,“ 222.

Í þessari ritgerð verður grafist nánar fyrir um samband þeirra Ingibjargar og Despinu með það að markmiði að kanna hvaða mynd af sambandi þeirra tveggja birtist í einkaskjalasafni Ingibjargar. Ríkir þar alger þögn um sambandið – eða heyrst hljóð í þessari meintu þögn? Skilur þögnin ef til vill eftir sig ummerki? Jafnframt er skoðað hvernig mótun minningar (einkum Ingibjargar) á sér stað. Stór hluti bréfanna sem Despina skrifar, og er að finna í skjalasafninu, fjallar um dánarbú Ingibjargar; hvert eigi að senda pappírana og um samtöl þeirra tveggja um mikilvægi þess að sú sem lifi gangi frá skjölum þeirra svo það komi ekki í hlut einhvers ókunnugs. Þessi bréfaskrif vekja upp spurningar um mótun ímynd Ingibjargar á skjalasafninu og um sýnileika Despinu og sambands þeirra í skjalasafninu.

Fyrsta kveikjan að þessu verki voru þagnir, en þegar skjalasafn Ingibjargar er skoðað nánar kemur í ljós að þögnin er full af hljóðum. Hér verður hljóðið í þögninni dregið fram eftir þrem ólíkum leiðum. Í fyrsta lagi með ævisögulegri aðferð – þar sem helstu æviatriði þeirra verða þrædd í sameiginlegri ævisögu. Skjalasafn Ingibjargar er því skoðað út frá lífshlaupi þeirra Ingibjargar og Despinu – en þekking á sambandi þeirra og ævi er forsenda þess að hægt sé að halda því fram að um ákveðin efni ríki þögn. Í öðru lagi með því að beita *hinsegin lestri* á heimildirnar og í þriðja lagi með því að skoða hvernig saga einkaskjalasafnsins á í samtali við sameiginlega ævisögu þeirra Despinu – þar sem litið verður til ummerkja þagnanna í safninu.

Þó enn sé margt óljóst um samband Despinu og Ingibjargar er Despina ekki ósýnileg í skjalasafninu. Í fyrsta lagi sendir Despina meirihluta gagnanna á safninu til Íslands og hefur því vald yfir því hvað skilar sér á skjalasafnið. Í öðru lagi setur hún mark sitt á skjalasafnið með beinum hætti með því að rissa athugasemdir inn á spássíur skjalanna og að lokum eru á skjalasafninu bréf frá Despinu til ættingja Ingibjargar. Þegar þessir þættir eru skoðaðir nánar kemur í ljós að samband þeirra tveggja og saga skjalasafnsins eru nátengd.

Í greininni „Táknmynd eða einstaklingur“ segir sagnfræðingurinn Erla Hulda Halldórsdóttir ævisögu einstaklingins ekki bundna við hið eiginlega líf – framhaldslífið sé að finna í minningum, ímyndum og skjölum.<sup>4</sup> Að sama skapi á sameiginleg ævisaga Despinu og Ingibjargar sér framhaldslíf í skjalasafni Ingibjargar; skjalasafnið er í þeirri

---

<sup>4</sup> Erla Hulda Halldórsdóttir, „Táknmynd eða einstaklingur?“ 80.

mynd sem það er, vegna þess hvernig sambandi Despinu og Ingibjargar var háttað á meðan þær lifðu. Þetta kemur ef til vill skýrast fram í eftirfarandi orðum, sem Despina lét falla í bréfi til bróðurdóttur Ingibjargar árið 1963:

Ég sagði stundum við hana: „þegar okkar tími kemur vona ég að guð leyfi okkur að deyja á sama tíma svo að önnur okkar sitji ekki ein eftir“ en hún svaraði alltaf „nei, það vona ég ekki vegna þess að þá fellur það í hlut ókunnugs fólks að skipuleggja jarðarförina okkar og þá verður enginn til staðar til þess að hagræða pappírnum okkar.“ Nú sé ég hversu rétt hún hafði fyrir sér og ég er þakklát fyrir það að ég hafi getað þjónustað hana í þessu síðasta verkefni fyrir hana.<sup>5</sup>

Líkt og Maria Tamboukou bendir á í grein sinni „The Rythms of the Archives“, eru heimildir í skjalasöfnum slitróttar. Því fellur það í hlut fræðimannsins að vinna með brotin í samhengisleysi sínu og móta úr þeim frásögn til þess að draga fram merkingu.<sup>6</sup> Hér verður unnið út frá tveimur jafngildum tilgátum um skjalasafn Ingibjargar, þar sem ólíkur lestur dregur fram tvennskonar merkingu. Annars vegar má segja að eyður í skjalasafninu valdi því að þögn ríkir um samband Ingibjargar og Despinu. Hins vegar er jafn réttmætt að halda því fram að skjalasafnið fjalli að stórum hluta til um samband þeirra. Í báðum tilfellum er skjalasafnið séð sem framlenging eða afurð sambandsins.

## 1.2 Fræðilegt samhengi

Sagnfræðilegar ævisögur gengu í endurnýjun lífdaga í kjölfar nýrra strauma og stefna innan sagnfræðinnar á áttunda áratug síðustu aldar, líkt og Barbara Caine gerði grein fyrir í bókinni *Biography and History*.<sup>7</sup> Ein mikilvægasta þróun ævisagnaritunar síðustu áratuga segir Caine vera tilkomu sameiginlegu- eða hóp-ævisögunnar (e. *collective*

---

<sup>5</sup> BSR Einkaskjalasafn nr. 506, askja 1. Bréf frá Despinu Karadja til Guðrúnar Halldórsdóttur 2. júní 1963. Þýðingar eru höfundar nema annað sé tekið fram. Frumtexti: „I sometimes used to say to her; „when that time comes I hope god will allow us to die at the same time so that one of us is not left alone“ but she always replied „no, I do not wish that because then strangers would arrange our funeral and there would be no one to arrange our papers“ Now I see how right she was and I am thankful that I have been able to do these final services for her.“

<sup>6</sup> Tamboukou, „Narrativity in the Archive,“ 86.

<sup>7</sup> Caine, *Biography and History*, 3.



*biography*), en undir hugtakið falla ævisöguleg skrif um hóp af fólki; þar, vini, fjölskyldur, félagshreyfingar og svo mætti áfram telja.<sup>8</sup>

Líkt og Rósa Magnúsdóttir ræðir í grein sinni í Skírni 2013 skipta aðferðir fræðimanns í ævisagnaskrifum jafn miklu máli og þær heimildir sem þeir hafa í höndunum, þegar sagnfræðilegt gildi verkanna er vegið og metið.<sup>9</sup> Þar hælir Rósa einmitt kostum hinnar sameiginlegu ævisögu. Líkt og Caine gerir skil í fyrrnefndri bók nýttist ævisagnaformið þannig betur en ella til þess að varpa ljósi á stór söguleg fyrirbæri, ásamt því að sneiða hjá vandamáli hinnar klassísku ævisögu sem einangrar einstaklinginn sem er í aðalhlutverki – og setur aðra leikendur í hlutverk fylgifyska.<sup>10</sup> Fræðikonan Liz Stanley ber saman hina klassísku ævisögu – sem hún kennir við kastljósið – og sameiginlegar ævisögur í grein frá 1992. Þar segir hún ævisögur sem beina kastljósinu að einum einstaklingi valda því að skuggi falli á aðra einstaklinga, þjóni þeir ekki frásögninni. Sameiginlegar ævisögur setja sambönd fólks hins vegar í forgrunn.<sup>11</sup>

Í fyrri skrifum um Ingibjörgu kemur Despina mismikið við sögu – en hér verður lagt upp með að flétta ævisagnabrotum þeirra saman, þar sem samband þeirra verður í forgrunni. Heimildir um Ingibjörgu eru þó talsvert aðgengilegri en um Despinu. Ingibjörgu bregður víða fyrir í íslenskum dagblöðum frá 1912–1962 og þá hafa skrif hennar verið sett í samhengi almennrar umræðu um siðferðisástand á fyrri hluta tuttugustu aldar.<sup>12</sup> Despinu bregður vissulega fyrir í sænskum og enskum dagblöðum og í almennum skrifum um Karadja fjölskylduna – en víðast hvar fellur hún í skugga annarra, ýmist Ingibjargar eða fjölskyldumeðlima sinna.<sup>13</sup> Hér verður gerð tilraun til þess að rétta þetta sjónarhorn af og því hefur verið leitað í erlendum dagblöðum og skjalasöfnum að heimildum um Despinu.

Vaxandi áhugi er á rannsóknum á hinsegin kynverund kvenna í sögulegu ljósi – og hafa sameiginlegar ævisögur tíðum verið notaðar til þess að varpa ljósi á nán

---

<sup>8</sup> Caine, *Biography and History*, 47.

<sup>9</sup> Rósa Magnúsdóttir, „Þóra Kristinn og kommúnisminn,“ 219.

<sup>10</sup> Caine, *Biography and History*, 61.

<sup>11</sup> Stanley, „Romantic Friendships?“ 194.

<sup>12</sup> Vilhelm Vilhelmsson, „Lauslætið í Reykjavík,“ 107.

<sup>13</sup> Afkastamestu pennar um þennan ætlið Karadja fjölskyldunnar er markaðsteymi sænska brugghússins Absolut Vodka, lítið sem ekkert er um fræðileg og/eða ritrýnd skrif. Sjá t.d.: Tjärnlund, „L.O. Smiths Grandson.“

sambönd kvenna í sögunni. Af íslenskum rannsóknum á hinsegin kynverund kvenna á síðastliðnum árum má til að mynda nefna skrif Írisar Ellenberger um sendibréf Ingibjargar H. Bjarnason<sup>14</sup> og forsíðugrein í tímaritinu *Sögu* sem fjallar um rómantíska vináttu kvenna og ljósmyndir sem heimildaflokk. Rannsóknir á hinsegin kynverund kvenna hafa þó lengir verið takmarkaðar vegna heimildaskorts; í grein frá árinu 2003 bendir bókmenntafræðingurinn Dagný Kristjánsdóttir á það enginn hafi lagst í það að fara kerfisbundið í gegnum heimildir með hinsegin kynverund kvenna í huga og því bíði fræðimönnum framtíðarinnar ærið verkefni.<sup>15</sup> Árið 2017 réðust þær Ásta Kristín Benediktisdóttir, Hafdís Erla Hafsteinsdóttir og Íris Ellenberger í téð verkefni. Úr varð Heimildasöfnunarverkefnið *Huldukonur* sem kemur til móts við heimildaskortinn, og er opinbert markmið verkefnisins að auka aðgengi að heimildum um hinsegin kynverund kvenna á Íslandi fyrir 1960. Afurð verkefnisins er vefsíðan *huldukonur.is* – þar sem stendur að efnistöð vefsins séu ekki hugsuð sem lokaniðurstöður heldur sé hann „stökkpallur fyrir frekari rannsóknir“ – vefurinn verður nýttur sem slíkur í þessari ritgerð.

Kenningaramminn um rómantíska vináttu kvenna er oft kenndur við skrif bandarísku fræðikonunnar Lillian Faderman, en hugtakið ræddi hún meðal annars árið 1981 í bókinni *Surpassing the Love of Men*. Þar segir Faderman ekki óalgengt að konur á 17.–19. öld hafi átt í rómantískum vinasamböndum við aðrar konur – samböndum sem voru ást- og innihaldsrík en þó ekki af kynferðislegum toga. Samböndin segir Faderman upp til hópa hafa verið samþykkt af samfélaginu þar sem því stafaði ekki ógn af þeim.<sup>16</sup>

Áhrif Faderman á hinsegin söguna eru langlíf, en skrif hennar hafa verið gagnrýnd, fyrst og fremst vegna alhæfingar hennar um að rómantísk vinátta hafi ekki verið af kynferðislegum toga. Meðal annars segir Stanley hugmyndir Faderman einkennast af gullaldarhugsun þar sem tímabil hinnar rómantísku vináttu er sveipað sakleysi og frelsi – sem líði síðan undir lok við upphaf 20. aldarinnar.<sup>17</sup> Sally Newman gerir skarpa tímabilaskiptingu Faderman einnig að umtalsefni í grein frá árinu 2005, en hún vill meina að hæpið sé að gera grein fyrir eðlismun á vináttu kvenna fyrir og eftir

---

<sup>14</sup> Íris Ellenberger, „Ég er alveg í öðrum heimi.“

<sup>15</sup> Dagný Kristjánsdóttir, „Hinsegin raddir,“ 457.

<sup>16</sup> Faderman, *Surpassing the Love of Men*, 74.

<sup>17</sup> Stanley, „Romantic Friendship?“ 210.

aldamótin 1900.<sup>18</sup> Þó segir Faderman sjálf að tilfinningarnar sem þessar konur báru í garð hvor annarrar hafi ekki verið af öðrum meiði en tilfinningar kvenna á 20. öldinni – þá hafi þær hins vegar verið fordæmdar.<sup>19</sup> Að lokum má nefna að skrif Faderman snúa að afmörkuðum hópi kvenna, sem eiga það sameiginlegt að vera evrópskar að uppruna og vel stæðar í samfélaginu. Þær Ingibjörg og Despina tilheyra þó þessum hópi, og er kenningarammi Faderman því gagnlegur í rannsóknum á sambandi þeirra.

Rómantískri vináttu innan sænsku kvennahreyfingarinnar á níttjándu og 20. öldinni voru gerð góð skil í bókinni *Den kvinnliga tvåsamhetens frirum*. Þar er unnið með og byggt ofan á kenningar Faderman, en þar skilgreina Eva Borgström og Hanna Markusson Winkvist „kvennapör“ sem konur sem áttu í nánu sambandi, ferðuðust ef til vill saman eða héldu heimili, deildu fjárhag, framtíðaráætlunum og félagslífi og voru til staðar fyrir hvor aðra á ólíkum æviskeiðum.<sup>20</sup>

Líkt og bent er á í heimildasöfnunarverkefninu Huldukonur, einkenna þagnir og eyður heimildir um hinsegin kynverund kvenna – þar er því hins vegar einnig haldið fram að mikilvægt sé að skoða einmitt þessar þagnir, tilkomu þeirra og umgjörð.<sup>21</sup> Til þess að grafa undan eða mæta þögninni hafa fræðimenn skoðað það hvernig margvíslegar orðræður skarast í skrifum kvenna um sambönd sín, þar sem meðal annars er vísað í annars konar sambönd til þess að undirstrika nánd sambandsins. Þar mætast meðal annars orðræður vináttunnar, trúarinnar og fjölskyldunnar. Á þetta bendir Faderman í fyrrnefndri bók og sömuleiðis fræðikonan Martha Vicinus í bókinni *Intimate Friends*, þar sem hún bendir meðal annars á mikilvægi þess að rýna í myndlíkingar sem konur notuðu til þess að lýsa tilfinningum sínum og samböndum við aðrar konur, ásamt því að skoða það sem ekki er sagt; þögnina.<sup>22</sup>

Í fyrrnefndri grein Newman bendir hún einnig á mikilvægi slíkrar orðræðugreiningar. Titill greinarinnar, „The Archival Traces of Desire“, vísar til tvennskonar löngunar; annars vegar gagna sem sýna fram á kynferðislegrar langanir sem kunna að finnast á skjalasöfnum, og hins vegar löngunar fræðimannsins til þess að ramba á slíkar heimildir. Þrátt fyrir þessa þrá varar Newman fræðimenn við því að falla

---

<sup>18</sup> Newman, „The Archival Traces of Desire“, 60.

<sup>19</sup> Faderman, *Surpassing the Love of Men*, 411.

<sup>20</sup> Borgström og Winkvist, „Om kärlekk, kamratskap och kamp“, 11.

<sup>21</sup> Ásta Kristín Benediktsdóttir, Hafdís Erla Hafsteinsdóttir og Íris Ellenberger, „Þögn.“

<sup>22</sup> Vicinus, *Intimate Friends*, xxiv.

í þá gildru að kemma söfnin eftir ástarbréfum eða álíka „sönnunargögnum“ til að sýna fram á ást og nánd með óyggjandi hætti.<sup>23</sup> Þess í stað ættu fræðimenn að beina sjónum sínum að því sem liggur á milli línanna á borð við það hversu tíð bréfasamskipti eru, gælunöfn sem koma þar fyrir og myndlíkingar sem notaðar eru til þess að lýsa tilfinningum eða samböndum.<sup>24</sup> Aðferðirnar sem Newman lýsir hér eiga margt skylt við aðferðir *hinsegin lesturs*. Hér birtist orðið *hinsegin* okkur sem greinandi hugtak, frekar en að vísa í sjálfsmýndarhugtök dagsins í dag, en með *hinsegin* lestri eru textar lesnir með það í huga að greina það sem ekki fellur að gagnkynhneigðum viðmiðum samfélagsins. Með öðrum orðum er rýnt í „táknmál og tjáningu, fljótandi mörk milli kynja og kynverunda og það sem ekki fellur ljúflega inn í gagnkynhneigt, normatívt regluverk og þekkingaramma,“ svo vísað sé til skilgreiningar Ástu Kristínar Benediktsdóttur og Rannveigar Sverrisdóttur.<sup>25</sup> Í þessari ritgerð verður *hinsegin* lestri beitt til þess að skoða myndmál og vísanir í skrifum Despinu um samband þeirra Ingibjargar – þar sem leitast verður við að lesa á milli línanna til þess að skoða hvernig Despina undirstrikar nánd og mikilvægi sambandsins með margvíslegum hætti.

Auk kenninga um kynverund, kvennapör og rómantíska vináttu verður unnið með skrif fræðimanna um einkaskjalasöfn og persónulegir heimildir – og tengsl þeirra við þögnina. Í skrifum sínum um sendibréf sem bókmenntahefð hefur Liz Stanley vakið athygli á sviðsetningu (e. *performance*) í sendibréfum. Þar bendir hún á að sú birtingarmynd raunveruleikans sem fyrirfinnst í sendibréfum sé háð ýmsum þáttum, meðal annars sambandi þeirra einstaklinga sem skrifast er á við, og tímanum þegar bréfin eru skrifuð.<sup>26</sup> Einkenni sendibréfa og annarra persónulegra heimilda hafa sumir fræðimenn séð sem annmarka en hér er sviðsetning, grisjun, ímyndasköpun og þögn í persónulegum heimildum skoðuð sem einkenni þeirra sem vert er að velta fyrir sér í sjálfu sér, í anda Stanley.<sup>27</sup>

Stór hluti af skrifum Despinu um Ingibjörgu er ritaður eftir andlát Ingibjargar og svipar til minningargreina, sem fræðimenn á borð við Sigurð Gylfa Magnússon kenna við helgi- eða glansmyndir af einstaklingum. Þær eru því ekki áreiðanlegur vitnisburður

---

<sup>23</sup> Newman, „The Archival Traces of Desire,“ 54.

<sup>24</sup> Sama heimild, 68–70.

<sup>25</sup> Ásta Kristín Benediktsdóttir og Rannveig Sverrisdóttir, „Að hinsegja heiminn,“ 5.

<sup>26</sup> Stanley, „The Epistolarium,“ 203.

<sup>27</sup> Sama heimild, 202.

um atburði eða manneskjuna sem skrifað er um.<sup>28</sup> Það er þó ekki að segja að heimildagildi minningargreina sé ekkert. Í grein frá 1997 nýtir Annadís Greta Rúdólfsdóttir sér minningargreinar til þess að greina ríkjandi orðræðu samfélagsins út frá minningargreinum, þar sem hún varpar ljósi á það hvernig sjálfið, og kvenleikinn er þar sviðsettur.<sup>29</sup> Minningargreinar og skrif Despinu um Ingibjörgu eftir andlát hennar eru hér skoðuð sem heimild um það hvernig Despina mótar ímynd Ingibjargar; hvernig hún kaus að minnast hennar opinberlega, og þar af leiðandi hvernig hún vildi að aðrir minntust hennar.

Engin heildstæð rannsókn hefur verið gerð á skjalasafni Ingibjargar eða sambandi hennar og Despinu. Þó hefur þeim brugðið fyrir í rannsóknum á sviði hinsegin- og kvenna- og kynjasögu á síðastliðnum árum. Á vef Huldukvenna er dregið á sögu Ingibjargar og Despinu, þar sem þögn og eyður í einkaskjalasafninu sem hér eru skoðaðar eru einmitt settar í kastljósið.<sup>30</sup> Í ritgerðinni verður tekið mið af þeim skrifum. Af öðrum fræðilegum skrifum um Ingibjörgu og Despinu má nefna grein Svanhildar Óskarsdóttur um Ingibjörgu á vef Árnastofnunar,<sup>31</sup> grein sem skrifuð er út frá bréfasamskiptum hennar við Halldóru Bjarnardóttur sem birtist árið 1987 í Húnvöku,<sup>32</sup> og rammagrein um rómantíska vináttu kvenna í bókinni *Konur sem kjósa*.<sup>33</sup>

### 1.3 Heimildir og efnisskipan

Einkaskjalasafn Ingibjargar er geymt á Borgarskjalasafni Reykjavíkur. Í bréfa- og málasafni er að finna sendibréf frá árunum 1914–1976. Flest þeirra eru bréf Ingibjargar til fjölskyldu sinnar á Íslandi, þar sem helstu viðtakendur eru móðir hennar, bróðir og bróðurdóttir hennar, Guðrún Halldórsdóttir sem var ávallt kölluð Dúna. Undir lok sjötta áratugsins ágerðust langvinn veikindi Ingibjargar og minni hennar fór að bregðast – með þeim afleiðingum að hún treysti sér ekki til þess að standa í bréfasamskiptum við

---

<sup>28</sup> Sigurður Gylfi Magnússon, *Fortíðardraumar*, 172.

<sup>29</sup> Annadís Greta Rúdólfsdóttir, „Aldrei á þú aðra skyggðir,“ 41–42.

<sup>30</sup> Sjá greinar á vefsíðu *Huldukvenna*: „Eyður,“ „Útlönd,“ „Lífsförunautar,“ og „Rómantik og tilfinningar.“

<sup>31</sup> Svanhildur Óskarsdóttir, „Fröken Ingibjörg Ólafsson erindreki.“

<sup>32</sup> Þórhildur Ísberg, „Dóttir Íslands. Ingibjörg J. Ólafsson.“

<sup>33</sup> Kristín Svava Tómasdóttir, „Nýjar leiðir til að lifa og elska,“ 136.

vini og ættingja.<sup>34</sup> Bréfin frá 1959–1976 eru skrifuð af Despinu, flest þeirra til Dúnu. Sendibréfin eru upp til hópa afhent skjalasafninu af fjölskyldu Ingibjargar, og koma þau úr dánarbúi Dúnu. Ásamt sendibréfum eru í skjalasafninu skjöl sem Despina lét af hendi eftir andlát Ingibjargar; handrit að fyrirlestrum og smásögum Ingibjargar, úrklippur úr dagblöðum, minningabækur og ljósmyndir. Þar er meðal annars að finna bókina *En minnesbok*, minningabók um Ingibjörgu sem kom út árið 1963 – Despina annaðist útgáfuna og ritaði í hana minningargrein.<sup>35</sup> Skjölin í einkaskjalasafni Ingibjargar liggja til grundvallar þessari ritgerð, en þó er eitthvað um heimildir um sambýliskonurnar tvær í öðrum skjalasöfnum. Ekki er vitað með vissu hvað varð um pappíra Despinu eftir andlát hennar – en möguleiki er á því að þau séu á Þjóðskjalasafni Rúmeníu, þar sem skjöl Karadja fjölskyldunnar eru geymd.<sup>36</sup> Þrátt fyrir ítrekaðar fyrirspurnir hefur Þjóðskjalasafn Rúmeníu ekki orðið við óskum um að upplýsa hvaða skjöl Despinu eru varðveitt þar. Skrif hennar til fjölskylduvinarins Birger Mörner eru varðveitt á skjalasafni Örebro háskóla.<sup>37</sup> Ingibjörg skrifar nokkrum sinnum til Halldóru Bjarnadóttur, vinkonu sinnar og ritstjóra tímaritsins *Hlín*. Þau bréf eru í einkaskjalasafni Halldóru á Héraðsskjalasafni Austur-Húnavatnssýslu.<sup>38</sup>

Ritgerðinni er skipt upp í þrjá kafla. Í þeim fyrsta verður lífshlaupi Despinu og Ingibjargar gerð skil, þar sem ævibrotum þeirra verður fléttað saman í anda sameiginlegu ævisögunnar. Ein forsenda þess að hægt sé að lesa í skjalasafnið, og skilja samspil þagnarinnar og hljóðsins, er að setja líf þeirra í samhengi – og gera sambandi þeirra skil. Þrátt fyrir að samanstanda af brotakenndum heimildum vísar skjalasafnið í líf sem var lifað og líf sem var tekin meðvituð ákvörðun um að minnast. Þekking á sambandi og ævi þeirra tveggja er þannig nauðsynleg til þess að skilja hvernig skjalasafn Ingibjargar á Borgarskjalasafni verður til.

Í öðrum kafla ritgerðarinnar verður skjalasafnið, sér í lagi sendibréfin sem þar er að finna, skoðað nánar. Þar verður skoðað hvernig samband þeirra birtist í skjalasafninu, og hvernig orðræður vináttu, trúar og rómantíkur skarast.

---

<sup>34</sup> BSR Einkaskjalasafn nr. 506, askja 1. Bréf frá Despinu Karadja til Guðrúnar Halldórsdóttur 31. maí 1961.

<sup>35</sup> Karadja, *En Minnesbok*.

<sup>36</sup> Rînzîş, *Arhive personale și familiale*, 57.

<sup>37</sup> Örebro universitetsbibliotek (ÖUB) Mörnerarkvitet, askja 79.

<sup>38</sup> Héraðsskjalasafn Austur-Húnavatnssýslu (HAH) Einkaskjalasafn Halldóru Bjarnadóttur, askja 5, örök 41. Bréfa- og málasafn 1923-1955.

Í þriðja kafla ritgerðarinnar verður vikið að því hvernig stór hluti skjalasafnsins var settur saman og sendur heim af Despinu sjálfri. Bréf þar sem hún lýsir mikilvægi þess að senda pappíra Ingibjargar heim verða skoðuð í samhengi við þá ímynd Ingibjargar og sambands hennar við Despinu sem er að finna í skjalasafninu. Þessi bréf bera þess merki að skjalasafnið og mótun þess sé hluti af sameiginlegri ævisögu þeirra Ingibjargar og Despinu, þar sem þögnin mætir hljóðinu og lífið mætir hinu liðna.

## 2. Saga tveggja kvenna

Ingibjörg Ólafsson og Despina Karadja bjuggu saman í hartnær 39 ár. Fyrstu árin héldu þær til í Lundúnum, en þegar á leið vörðu þær meiri tíma í sumarhúsi Despinu í Rottingdean. Í þessum smábæ í grennd við Brighton settust þær að endanlega árið 1939, og þar hvíla þær nú í einni gröf.

Í samtímaumfjöllun um þær er almennt lögð áhersla á störf þeirra í þágu kirkjunnar, auk skrifa þeirra – en báðar helguðu þær sig ritstörfum og fyrirlestrahaldi. Samtímaskrif um Ingibjörgu draga jafnan upp mynd af merkri konu sem var góður fulltrúi lands og þjóðar á erlendri grund, og fylgja þau dæmigerðum vörðum í ævisagnaritun um karla fyrr á tímum. Vörðurnar eru, líkt og Erla Hulda Halldórsdóttir útlistar í grein frá 2013, barnæska, „áhrifavaldar í æsku, mótun/uppeldi, menntun, starfsframi.“<sup>39</sup> Ímyndin sem þar er dregin upp af Ingibjörgu er jafnframt í takt við það hvernig fjallað var um konur sem virtust taka störf sín í þágu þjóðarinnar eða kirkjunnar fram yfir fjölskyldulífið, en eins og Íris Ellenberger heldur fram í grein sinni um Ingibjörgu H. Bjarnason er „goðsögnin um hina frómu konu“ dregin fram „til að búa til flekklausu ímynd af konu sem þó fór óhefðbundnar leiðir í lífi sínu...“<sup>40</sup> Einkalíf Ingibjargar Ólafsson var þannig sjaldnast rætt ítarlega í æviskrifum um hana á meðan hún var á lífi og á áratugunum eftir andlát hennar .

Í þessum kafla verða æviatriðum þessara tveggja kvenna gerð skil. Þrátt fyrir að staldrað verði við barnæsku, menntun og störf þeirra á opinberum vettvangi verður ríkari áhersla lögð á að skoða hvernig ævi þeirra tvinnast saman við upphaf þriðja áratugar síðustu aldar. Þannig verður sambandið haft í forgrunni í því markmiði að varpa kastljósinu ekki svo beint á aðra þeirra að hin verði að einfaldri skuggamynd.<sup>41</sup>

### 2.1 Æskuárin

Þann 14. september 1892 birtist hátíðleg tilkynning í enska dagblaðinu *The Morning Post* um barneignir Vilhelms II. þýskalandskeisara. Annars staðar á síðunni, umkringd fregnum um garðveislur og ferðalög vel þekktra Lundúnabúa var að finna nokkuðhógværari fréttatilkynningu um fæðingu annarrar prinsessu:

---

<sup>39</sup> Erla Hulda Halldórsdóttir, „Táknmynd eða einstaklingur?“, 86.

<sup>40</sup> Íris Ellenberger, „Ég er alveg í öðrum heimi“, 108.

<sup>41</sup> Stanley, „Romantic Friendship?“, 194.



Karadja prinsessu, eiginkonu hans ágætis Karadja Pasha, sérlegs sendiherra Tyrklands og diplómata með fullt umboðsvald við konungshirðina í Hollandi og Svíþjóð og Noregi, fæddist í gær dóttir. Móður og dóttur heilsast vel.<sup>42</sup>

Prinsessan sem fæddist hét fullu nafni Despina Marie Roxane Alexandra Theodora Karajda. Móðir hennar, Mary Karadja, var dóttir sænska viðskipta- og stjórnáamannsins L.O. Smith.<sup>43</sup> Smith var og er uppnefndur brennivínskóngurinn í heimalandi sínu, Svíþjóð, enda er hans helst minnst sem stofnanda Absolut brugghússins. Mary erfði töluverðan hlut í fyrirtæki föður síns, en gat sér sjálf gott orð fyrir skrif sín um trúarleg efni sem voru undir áhrifum spíritisma 19. aldarinnar.<sup>44</sup> Faðir Despinu var diplómatinn og prinsinn Jean Constantin Karadja, sem rakti ættir sínar til aðalsmanna í býzantíska ríkinu og þjóðhöfðingja í Vallakíu við upphaf 19. aldar. Jean starfaði sem diplómati í Svíþjóð um árabíl – þar sem hann kynntist Mary. Trúlofun þeirra vakti nokkuð umtal, bæði vegna uppruna prinsins og aldursmunar, en 28 ár skildu þau að.<sup>45</sup> Despina var yngst systkina sinna, en áður höfðu foreldrar hennar átt Constantin sem lést í frumbersku, og Constantin sem helst er minnst fyrir mannúðarstarf sitt í þágu gyðinga í seinni heimsstyrjöldinni.<sup>46</sup> Faðir Despinu lést úr lungnabólgu þegar Despina var á öðru aldursári, en samkvæmt dánartilkynningu í Morning Post, hafði heilsu Karadja Pasha smám saman hrakað eftir sonarmississinn 1888.<sup>47</sup>

Barnæska Despinu einkennist af tíðum flutningum, þar sem hún bjó til skiptis í Belgíu, Svíþjóð og Englandi. Heimilislíf móður hennar var efniviður greinarinnar „Hos prinsessan Karadja“ í sænska dagblaðinu *Blekingekuriren* árið 1899 – en hún varpar ljósi á ríkidæmi fjölskyldunnar. Í greininni er húsakosti fjölskyldunnar í Belgíu gerð góð skil, en þar bjuggu þau í kastalanum Bovigny í austurhluta landsins. Í greininni er

---

<sup>42</sup> „Arrangements for this day,“ 5. Á frummáli: Princess Karadja, wife of his Excellency Prince Karadja Pasha, Turkish Envoy Extraordinary and Minister Plenipotentiary to the Courts of Holland and Sweden and Norway, gave birth yesterday to a daughter. Mother and child are progressing favourably.

<sup>43</sup> Fædd Marie Louise Smith.

<sup>44</sup> Tjerneld og Burius, „Lars Olsson Smith.“

<sup>45</sup> Frände, „Prins Karadja och silkessnöret,“ 112.

<sup>46</sup> „On Diplomats During the Holocaust: The Case of the Romanian Constantin Karadja.“

<sup>47</sup> „The Late Prince Karadja Pacha,“ 5.

kastalinn sagður umlukinn skógum og gróðri Ardennafjallanna, tvö þúsund fetum yfir sjávarmáli. Þá settu málverk, höggmyndir og arinn skreyttur skjaldarmerki Karadja fjölskyldunnar svip sinn á heimilið.

Hversdagslíf fjölskyldunnar barst einnig í tal í greininni. Þar segir að Mary, Despina og Constantin hafi almennt verið í Bovigny um vor og sumar, en á veturna dvöldu þau á heimili sínu í Stokkhólmi þar sem systkinin sóttu skóla. Þá dvöldu þau einnig reglulega í Lundúnum.<sup>48</sup>

Despina elst því upp við mikla velmegun í æsku og lifir og hrærist í alþjóðlegu umhverfi. Á fjórtánda ári var hún send til Englands til þess að sækja sér frekari menntun. Í greininni „Skuld mín við Krist“ sem birtist í *Bjarna* árið 1936 lýsir hún þeim mótandi áhrifum sem námsárin í Englandi höfðu á hana, þar hafi opnast fyrir henni nýr heimur sjálfstæðrar hugsunar. Í greininni fordæmir hún það trúarlega uppeldi sem hún hlaut í æsku; Móðir hennar hafi boðið velkomna inn á heimili þeirra „andatrúarmenn eða áhangendur einhverrar annarrar nýtízku trúarstefnu–.“<sup>49</sup> Auk þess að vera spíritisti taldi móðir hennar sig vera miðil – sem hin unga Despina virðist hafa haft takmarkaða trú á.<sup>50</sup>

Þótt ekki sé hægt að líkja saman efnahagslegum aðstæðum Ingibjargar og Despinu í æsku þá fékk Ingibjörg einnig tækifæri til að sækja sér menntun á ungaaldri. Hún var fædd á Másstöðum í Húnavatnssýslu þann 7. september 1886 og var frumburður þeirra Guðrúnar Ólafsdóttur og Jóns Ólafssonar, sem voru bæði í vinnumennsku í sveitinni í frumbernsku Ingibjargar. Síðar eignuðust þau soninn Halldór. Leiðir þeirra Guðrúnar og Jóns skildu áður en Ingibjörg var vaxin úr grasi og í bréfi til Halldóru Bjarnadóttur vinkonu sinnar til margra ára sagði hún skilnað foreldra sinna og aðdraganda hans hafa verið orsök „mikils meins frá barnæsku.“<sup>51</sup> Sjálf giftist Halldóra aldrei og í grein sinni í *Kvennaslóðum* tekur Sigríður K. Þorgrímsdóttir Halldóru fyrir sem dæmi um konu sem hafnaði hjónabandinu vegna þeirra áhrifa sem skilnaður foreldra hennar höfðu á hana á barnsaldri.<sup>52</sup> Ef til vill hefur það verið ástæðan

---

<sup>48</sup> „Hos Prinsess Karadja,“ 4.

<sup>49</sup> Karadja, „Skuld mín við Krist,“ 14.

<sup>50</sup> Nilsson, „Marie Louise (Mary) Karadja.“

<sup>51</sup> *HAFH* Einkaskjalasafn Halldóru Bjarnadóttur, askja 5, örk 41. Bréf Ingibjargar Ólafsson til Halldóru Bjarnadóttur.

<sup>52</sup> Sigríður K. Þorgrímsdóttir. „Mitt hjarta svarar ekki,“ 457.

fyrir því að Ingibjörg hefur trúað Halldóru fyrir tilfinningum sínum, þær gátu speglað sig í reynsluheimi hvor annarrar.

Það voru þessar fjölskylduaðstæður sem ollu því að Ingibjörg flutti ung að aldri frá æskulóðunum. Um og upp úr aldamótunum 1900 var Ingibjörg flutt inn á heimili Ragnhildar Briem í Reykjavík,<sup>53</sup> en móðir hennar hafði verið í vinnumennsku hjá Ragnhildi og Eggerti, manni hennar, áður en hún tók saman við föður Ingibjargar.<sup>54</sup> Í skrifum sínum undirstrikaði góðvinur Ingibjargar, Sigurbjörn Á. Gíslason, þau mótandi áhrif sem Ragnhildur hafði á Ingibjörgu í æsku. Ásamt því að kveikja áhuga hennar á trúarlegum efnum átti hún að hafa veitt henni fjárhagslegan stuðning til menntunar, sem gerði henni kleift að „sækja hvern skólann á eftir annan innanlands og utanlands.“<sup>55</sup> Það satti tíðindum í upphafi aldarinnar að ungar konur fengju tækifæri til þess að sækja sér framhaldsmenntun, hvað þá í fjóra skóla á erlendri grund – og meintur peningastyrkur Ragnhildar hefur því án efa opnað margar dyr fyrir Ingibjörgu.<sup>56</sup>

Á árunum 1900-1902 stundaði Ingibjörg nám við Kvennaskólann í Reykjavík.<sup>57</sup> Líkt og Erla Hulda Halldórsdóttir bendir á í bók sinni, *Nútímans konur*, kveikti nám í kvennaskólum oft frekari námsáhuga ungra kvenna í stað þess að svala þorstanum að fullu og virðist það hafa verið raunin í tilfelli Ingibjargar.<sup>58</sup> Strax að náminu loknu í Kvennaskólanum hélt Ingibjörg norður í Gagnfræðaskóla Akureyrar, sem var nýfluttur þangað eftir að Gagnfræðaskólinn á Möðruvöllum brann 1902.<sup>59</sup> Að dvölinni á Akureyri lokinni hélt hún til Danmerkur þar sem hún sótti lýðháskólana í Askov og Valdekilde og Kennaraskólann í Kaupmannahöfn.<sup>60</sup> Eftir ríflega fimm ára dvöl erlendis hélt Ingibjörg síðan aftur heim til Íslands, og á árunum 1910–12 leigði hún hjá Páli og Þóru Melsteð, fyrrum skólastjóra í Kvennaskólanum í Reykjavík. Við komuna heim bauðst Ingibjörgu starf framkvæmdastjóra K.F.U.K í Reykjavík sem hún gegndi í tvö ár, samhliða öðrum störfum fyrir félagið í Hafnarfirði.

---

<sup>53</sup> Sigurbjörn Á. Gíslason, „Ingibjörg Ólafsson sjötug,“ 15.

<sup>54</sup> ÞÍ. Manntal 1880.

<sup>55</sup> Sigurbjörn Á. Gíslason, „Ingibjörg Ólafsson,“ 10.

<sup>56</sup> Anna Ólafsdóttir Björnsson, „Af konum og menntun á 20. Öld,“ 276.

<sup>57</sup> Aðalsteinn Eiríksson. „Saga skólans,“ 154.

<sup>58</sup> Erla Hulda Halldórsdóttir, *Nútímans konur*, 122.

<sup>59</sup> Steindór Steindórsson, *Saga Menntaskólans á Akureyri 1880–1980*, 148.

<sup>60</sup> Gunnar Árnason, „Ingibjörg Ólafsson,“ 277.

Að námsárum sínum loknum flutti Despina aftur til móður sinnar, sem þá var flutt til Lundúna. Árið 1911 bjuggu mæðgurnar í reisulegu, átta herbergja húsi við Kings Road í Lundúnum ásamt þjónustufólki.<sup>61</sup> Örfáum árum síðar eru þær fluttar að 49 Onslow Gardens, sem var heimili Despinu á köflum í marga áratugi. Í Lundúnum tóku mæðgurnar virkan þátt í félagslífi efri stéttarinnar og komust endrum og sinnum á síður blaðanna sem gestir í opinberum móttökum og veislum. Mary og Jean Karadja höfðu eytt töluverðum tíma í London, og var Mary kunnug borginni og fólkinu þar. Réttara sagt var Mary þegar orðin „vel þekkt frú í samfélagi Lundúnarborgar“ árið 1892 ef marka má orð blaðamanns *East Anglian times*.<sup>62</sup> Vorið 1913 bárust fréttir af veislu á heimili mæðgnanna og fylgdi fréttinni langur listi af eftirtektarverðum gestum. Meðal þeirra voru erlendir diplómatar og ráðherrar, George Reid, fyrrum forsætisráðherra Ástralíu auk aðalsfólks víðsvegar úr heiminum.<sup>63</sup>

Despina og Mary héldu einnig sambandi við ættingja og vini í Svíþjóð, Belgíu og Rúmeníu, þar sem stór hluti Karadja fjölskyldunnar bjó. Þetta kemur til að mynda fram í bréfasamskiptum við sænska diplómatann og rithöfundinn Birger Mörner – en mæðgurnar voru báðar í bréfasamskiptum við hann um árabíl. Skrif Despinu til Mörner eru einu persónulegu heimildirnar um Despinu frá öðrum áratugnum sem vitað er um, og veita innsýn inn í ferðalög þeirra mæðgnanna. Flest bréfin eru skrifuð á meðan Despina er í heimsókn hjá móðurbróður sínum, Otto Smith, í Karlshamn í suðausturhluta Svíþjóðar. Í bréfi til Mörner sumarið 1914 segir hún frá því að veikindi móður hennar hafi orðið til þess að hún hafi farið ein til Svíþjóðar, en þær stefni þó enn á að heimsækja föðurfjölskylduna í Rúmeníu á árinu og jafnframt að fara til Bovigny. Hún ætli sér að verja bróðurparti heimsóknarinnar í Karlshamn, en virðist þó óþreyjufull að komast til Stokkhólms að hitta vini og vandamenn, þar með talin Mörner og dóttur hans.<sup>64</sup> Mánuði síðar skrifar hún Mörner aftur, en á milli bréfa hafði heimurinn tekið á sig nýja mynd, stríðið var hafið og Despina hefur áhyggjur af móður sinni einsamalli í Lundúnum.<sup>65</sup>

---

<sup>61</sup> TNA Census of England and Wales 1911.

<sup>62</sup> „Literature“, 7. Frumtexti: „...A lady well known in London society.“

<sup>63</sup> „A Princess’s Party“, 5.

<sup>64</sup> ÖUB Mörnerarkivet, askja 79. Bréf Despinu Karadja til Birger Mörner 16. júlí 1914.

<sup>65</sup> Sama heimild, 13. ágúst 1914.

## 2.2 Einar í erlendu landi

Ingibjörg var ekki nema tvö ár í starfi sínu sem framkvæmdastjóri K.F.U.K í Reykjavík, en skammvinn dvöl hennar á Íslandi reyndist stormasöm. Við upphaf Íslandsdvalarinnar fór Ingibjörg að sinna ritstörfum í hjáverkum, hún birtir greinar í íslenskum dagblöðum og tímaritum en frumraun sína sem penni þreytir hún í bæklingnum *Nokkur orð um siðferðisástandið á Íslandi* – sem átti eftir að draga dilk á eftir sér. Í ritlingnum, sem kom út árið 1912, ritar Ingibjörg Íslandssöguna út frá siðferðislegu sjónarmiði og kemst að þeirri niðurstöðu að siðferðiskröfur Íslendinga hafi alla tíð verið litlar. Í þessu stutta riti dregur hún upp sögulega samfellu siðferðis manna frá þjóðveldisöld og allt til samtíma hennar, þar sem grundvallarvandamál íslensks samfélags voru drykkjuskapur, trúleysi og menntunarskortur – að mati Ingibjargar.<sup>66</sup>

Skrifin vöktu umtalsverða athygli. Í ítarlegum ritdómi sem birtist í *Kvennablaðinu*, sem Bríet Bjarnhéðinsdóttir gaf út og ritstýrði, sagði Bríet skrif Ingibjargar „gripin úr lausu lofti, og ályktanir höf. lítið rökstuddar.“ Að hennar mati færði Ingibjörg ekki rök fyrir áfellsdómi sínum yfir íslensku þjóðinni, og sagðist Bríet eiga bágð með að skera úr um það á hverju höfundur hafi eiginlega byggt rökfærslu sína.<sup>67</sup>

Aðrir gagnrýnendur eru mildari í garð Ingibjargar, en víðast hvar fær bæklingurinn þó dræmar viðtökur. Gagnrýnandi *Suðurlandsins* segir Ingibjörgu öfgakennda,<sup>68</sup> og Ingibjörg er höfð að háði í íslenskum fjölmiðlum og dægurmenningu næstu árin fyrir sömu sakir. Í grein í *Reykjavík* haustið 1913 er Ingibjörg til að mynda „vöruð við því að lesa grein þessa, ef hún kýs að eiga ekki hættu að verða lasin.“ Höfundur bætir við að greinin sé „sem sé hálf-dónaleg,“ og því ekki að skapi Ingibjargar. Í annarri grein í sama blaði er nafni Ingibjargar teflt fram í skrifum um siðferðismál, þar sem höfundur gefur sér að „hreinlífis-mærin Ingibjörg Ólafsson“ hafi ábyggilega „þóst finna feitan bragðbita af siðspillingunni í Reykjavík“ vegna auglýsingar í nýjasta tölublaði *Vísis*.<sup>69</sup> Sama mynd er dregin upp af Ingibjörgu í

---

<sup>66</sup> Ingibjörg Ólafsson, *Nokkur orð um siðferðisástandið á Íslandi*, 37.

<sup>67</sup> Bríet Bjarnhéðinsdóttir, „Bækur,“ 36–38.

<sup>68</sup> G. Hjaltason, „Siðferðismálið,“ 35.

<sup>69</sup> „Á hæztu stöðum,“ 133.

leiksýningunni *Allt í grænum sjó* sem Stúdentafélag Reykjavíkur setti upp árið 1913,<sup>70</sup> þar er persónan *Ingibjörg siðapostuli* sviðsett og höfð að háði.<sup>71</sup>

Stuttu eftir að bæklingurinn kom út flutti Ingibjörg aftur til Danmerkur. Í minningargreinum um Ingibjörgu var óvæntur brottflutningur hennar sagður bein afleiðing viðbragðanna við bæklingnum og persónulegra erja hennar við samstarfsmenn hennar innan K.F.U.K í kjölfar útgáfunnar.<sup>72</sup> Ingibjörg virðist þó hvergi viðurkenna þessi orsakatengsl sjálf, og í bréfi Despinu til bróðurdóttur Ingibjargar eftir andlát hennar kemur fram að Despina þekkti ekki deili á bæklingnum, önnur verk Ingibjargar þekkti hún þó í bak og fyrir. Því má ætla að Ingibjörg hafi ekki eytt mörgum orðum að *Nokkrum orðum um siðferðisástandið* við sambýliskonu sína til fjörutíu ára.<sup>73</sup>

Ef marka má tvö bréf sem Ingibjörg skrifaði Halldóru Bjarnadóttur áratugum síðar er skýringin önnur. Fyrra bréfið er skrifað árið 1926. Þá hafði Ingibjörg ekki heimsótt Ísland í 15 ár og segist ekki treysta sér til þess í náinni framtíð. Hún skrifar:

Yður að segja, í trúnaði, eru það fjölskylduaðstæður sem aftra mjer frá að koma heim. Ég hef ekki þrek til að mæta þeim raunum. Þegar ég get ekki gert neitt til þess að bæta úr þeim.<sup>74</sup>

Ingibjörg bætir við að hún upplifi sig útlaga á Íslandi sökum aðstæðnanna. Í seinna bréfinu til Halldóru tólf árum síðar þar sem rætt er um fjölskylduaðstæður trúir hún Halldóru fyrir tilfinningum sínum í smáatriðum. Tilefni bréfsins er að Halldóra hefur ætlað sér að hitta á foreldra Ingibjargar, en Ingibjörg varar hana við því með eftirfarandi hætti:

Ekki veit jeg hvort rjett sje að vera að ýfa upp gömul sár með því. – Ég vildi að mamma og pabbi skyldu skilja að lögum – og að hann skyldi giftast þessari stúlku sem hann bjó með fyrir norðan. Hann varð mjög reiður við mig út af því.

---

<sup>70</sup> Páll Baldvinsson, „Revíur í Reykjavík,“ 95.

<sup>71</sup> Sama heimild, 93.

<sup>72</sup> Sjá til dæmis: G.Á, „Ingibjörg Ólafsson, sjötug,“ 366. S.J, „Ingibjörg Ólafsson og starf hennar,“ 10.

<sup>73</sup> BSR Einkaskjalasafn nr. 506, askja 1. Bréf Despinu Karadja til Guðrúnar Halldórsdóttur.

<sup>74</sup> HAH Einkaskjalasafn Halldóru Bjarnadóttur, askja 5, ör 41. Bréf Ingibjargar Ólafsson til Halldóru Bjarnadóttur 15. september 1926.

Ég hef skrifað honum tvisvar síðan, og sent honum 100 kr. í hvert sinn en ekkert heyrði ég frá honum. Jeg býst við, að jeg hafi bara gert honum illt með því. – Þú veist hvað hann var vínhneigður.<sup>75</sup>

Ingibjörg bætir því við að það hafi alla tíð tekið á hvernig hafi farið með hjónaband foreldra hennar, og að fjölskylduerjurnar hafi gert henni ómögulegt að koma heim, en þegar bréfið er skrifað, árið 1938 hafði hún einungis komið einu sinni í heimsókn til Íslands á þeim 26 árum sem hún hafði búið erlendis.

Undir lok fyrra stríðs fluttist móðir Despinu frá Englandi til frambúðar, og settist að í Sviss. Þessum breytingum á fjölskyldulífinu gerir Despina skil í fyrnefndi grein sinni í *Bjarma*. Í kjölfar flutninga móður hennar hafi hún orðið ein síns liðs í nokkur ár og leitaði því á náðir kirkjunnar. Hún hafði þá verið í vafa um trú sína í nokkur ár. Despina lýsir hversdagslífi sínu lauslega, en leggur frekar áherslu á tilfinningarnar sem vöknudu hjá henni á tímabilinu. Á þessum árum segist hún raunar hafa misst trú sína „á mannlegt eðli og á það, að grundvöllur allra hluta væri réttur.“ Eftir að hafa leitað á náðir kirkjunnar hafi hún svo frelsast.<sup>76</sup>

Despina fór að sækja guðsþjónustur hjá Sænsku kirkjunni í Lundúnum – sem var útibú sænsku þjóðkirkjunnar í Bretlandi.<sup>77</sup> Þar komst hún meðal annars í kynni við konu að nafni Thora Ohlsson sem var virk í starfi kirkjunnar, en hennar ær og kýr í lífinu voru að aðstoða ungar sænskar konur í Lundúnum.<sup>78</sup> Þær Thora og Despina unnu náið saman í útibúi sænsku K.F.U.K. deildarinnar þar í borg við upphaf þriðja áratugarins.<sup>79</sup> Líkt og kemur fram í ævisögu Thoru Ohlsson sagði Despina þó starfi sínu hjá K.F.U.K. lausu með stuttum fyrirvara árið 1923, til þess að taka við starfi hjá aðalskrifstofum hreyfingarinnar í Stokkhólmi.<sup>80</sup> Í bréfi til Mörning þetta sama ár segist hún vera komin í vinnu til tveggja ára hjá hreyfingunni, síðan komi framhaldið í ljós, eftir því hvernig henni gangi í nýja starfinu – það sé frábrugðið því sem hún hafði vanist á Englandi.<sup>81</sup>

---

<sup>75</sup> Sama heimild, 3. ágúst 1938.

<sup>76</sup> Karadja, „Skuld mín við Krist,“ 14.

<sup>77</sup> Sama heimild, 14.

<sup>78</sup> Nyberg, „Thora Cecilia Ohlsson.“

<sup>79</sup> Evander, *Thora Ohlsson*, 35.

<sup>80</sup> Sama heimild, 35.

<sup>81</sup> OUB Mörnerarkvitet, askja 79. Bréf frá Despinu Karadja til Birger Mörner 1. október 1923.

Þegar Ingibjörg fór frá Íslandi árið 1912 lá leið hennar til Vejle á Suður-Jótlandi. Hún gekk í raðir K.F.U.K deildarinnar í Vejle sem framkvæmdastjóri, en á þeim tíma voru einungis tveir fastráðnir framkvæmdastjórar í K.F.U.K. deildum í Danmörku.<sup>82</sup> Frá Vejle hélt Ingibjörg áfram að skrifa í íslensk dagblöð, þar sem hún lét sig margvísleg efni varða á borð við viðhorf Dana til fánamálsins á Íslandi,<sup>83</sup> ævi og störf heimspekingsins Pontus Wikner<sup>84</sup> og hjúkrunarmál á Íslandi.<sup>85</sup> Eftir stutta dvöl lét Ingibjörg af störfum í Vejle haustið 1915 og tók við starfi ferðafulltrúa fyrir K.F.U.K í Danmörku.<sup>86</sup> Staðan virðist sérsníðuð fyrir Ingibjörgu, þar sem enginn hafði gegnt henni áður og kom til vegna bænarskrár þar sem óskað var eftir því að Ingibjörg heimsækti önnur K.F.U.K félög vítt og breitt um Danmörku.<sup>87</sup> Næsta áratuginn var Ingibjörg á faraldsfæti stóran hluta ársins; fyrst sem ferðafulltrúi og síðar sem aðalframkvæmdastjóri K.F.U.K á Norðurlöndum.<sup>88</sup>

Á ferðalögum sínum hitti Ingibjörg fólk og hélt fyrirlestra um trúarleg málefni, en „mest um Ísland og sögu þess“ að eigin sögn.<sup>89</sup> Það voru óvænt kynni við áhorfanda á einum af hennar venjubundnu fyrirlestrum, í húsnæði K.F.U.K í Stokkhólmi, stuttu fyrir jólin 1923, sem urðu til þess að Ingibjörg dró úr ferðalögum og fór að verja frítíma sínum á Englandi þar sem hún settist síðan að til frambúðar.

Það var einungis fáeinum mánuðum eftir að Despina tók við nýju starfi hjá K.F.U.K. í Stokkhólmi sem útibúið fékk heimsókn frá þessum annálaða fyrirlesara; Ingibjörgu Ólafsson. Despina minnst fyrstu kynnanna í grein sem hún skrifaði í tilefni fimmtugsafmælis Ingibjargar. „Það var í Stokkhólmi 1923, sem ég hitti fyrst Ingibjörgu Ólafsson,“ segir Despina og nýtir tækifærið til þess að hæla fyrirlestrarhæfileikum Ingibjargar. Þessa kvöldstund hafi Ingibjörg flutt áhrifamikið erindi um heimaland sitt, og hrifningin var „ósjálfráð“ meðal allra þeirra sem heyrðu hana tala – að sögn Despinu.<sup>90</sup> Fjörutíu árum síðar er Despina gestkomandi í Stokkhólmi og í bréfi til Dúnu

---

<sup>82</sup> „Hvaðanæfa,“ 72.

<sup>83</sup> Ingibjörg Ólafsson, „Nordentoft prófastur of íslensk mál,“ 20.

<sup>84</sup> Ingibjörg Ólafsson, „Pontus Wikner,“ 1.

<sup>85</sup> Ingibjörg Ólafsson, „Íslenzk Dákonissu-stofnun,“ 50.

<sup>86</sup> „Landar erlendis,“ 1.

<sup>87</sup> S. J. „Ingibjörg Ólafsson of störf hennar,“ 10

<sup>88</sup> Gunnar Árnason, „Ingibjörg Ólafsson,“ 278.

<sup>89</sup> „Hvaðanæfa,“ 120.

<sup>90</sup> Karadja, „Fröken Ingibjörg Ólafsson,“ 144.



lýsir hún því hvernig fortíðin og nútíðin mætast á gönguferðum hennar. „Ég gisti á sömu götu og þar sem K.F.U.K. skrifstofurnar voru árið 1923, og þar sem ég hitti Ingibjörgu fyrst! Ég gekk oft fram hjá húsinu og hugsaði með mér hversu dásamlega guð leiddi líf okkar saman vegna þess að kynni okkar þar breyttu lífum okkar beggja...“<sup>91</sup>

### 2.3 Sambúðin í Lundúnum

Eins og áður segir deildu Ingibjörg og Despina heimili í tæplega fjóra áratugi – að einhverju leyti er því skiljanlegt að engin bréf séu til á milli þeirra á því tímabili, þær voru jú yfirleitt á sama stað. Á þeim tveim árum sem líða milli þess sem þær hittast fyrst í Stokkhólmi og þær flytja inn saman í Lundúnum er þó engin bréf að finna – en ætla má að þá hafi þær skrifast á. Í skrifum þeirra um upphaf sambúðarinnar er alla jafna stiklað á stóru og því er erfitt að gera grein fyrir aðdraganda hennar. Á árunum 1923–1925 skrifar Ingibjörg móður sinni í þrígang; fyrst og fremst til þess að upplýsa hana um Ameríkuferð – en hvergi er minnst á kynni hennar og prinsessunnar, hvað þá áætlaða flutninga til Bretlands.

Fyrstu árin eftir kynni þeirra Despinu og Ingibjargar er sú síðarnefnda enn bundin á ferðalögum stóran hluta ársins. Í bréfi til Halldóru Bjarnadóttur frá 1928 segist Ingibjörg venjulega vera á faraldsfæti fimm mánuði ársins, þar sem hún ferðast fram og til baka á milli Noregs, Danmerkur og Englands.<sup>92</sup> Á árunum 1925–1926 sótti Ingibjörg sér svo frekara nám, þá í Kingsmead College á Englandi, sem sérhæfði sig í þjálfun trúboða.<sup>93</sup>

Við upphaf þriðja áratugsins fóru að vakna spurningar um heilsufar Ingibjargar, en ferðalögin höfðu reynst henni lýjandi. Íslenskir fjölmiðlar flytja til að mynda fréttir af því að hún hafi í nokkurn tíma glímt við hjartabilun sem orsakaðist af of miklu álagi.<sup>94</sup> Þá hafði hún af og til tekið sér frí til þess að hvíla sig á Englandi og í

---

<sup>91</sup> BSR Einkaskjalasafn nr. 506, askja 1. Ódagsett bréf frá Despinu Karadja til Guðrúnar halldórsdóttur 1967. Frumtexti: „I was living in the same street where KFUKs office was in 1923 and where i first met Ingibjörg! I often passed tht house and thought how wonderfully god leads our lives because our meeting there changed both our lives...“

<sup>92</sup> HAH Einkaskjalasafn Halldóru Bjarnadóttur, askja 5, örk 41. Bréf frá Ingibjörgu Ólafsson til Halldóru Bjarnadóttur 10. júní 1928.

<sup>93</sup> Cadbury, „The Selly Oak Colleges,“ 119.

<sup>94</sup> S. J. „Ingibjörg Ólafsson of störf hennar,“ 14.

Þýskalandi.<sup>95</sup> Árin eftir fyrstu kynni þeirrar Despinu fór hún að venja komu sína til Lundúna til þess að hvíla lúin bein. Síðar meir lýsir Despina því í bréfi hvernig Ingibjörg varði frítíma sínum á heimili þeirra í Lundúnum til þess að ná sér eftir vinnuna; „Það var einungis þegar hún gat fengið fullnægjandi hvíld á heimilinu í London sem heilsa hennar batnaði,“<sup>96</sup> skrifaði Despina í bréfi til Dúnu. Í skrifum sínum um upphaf sambúðarinnar segir Despina hana hafist árið 1925 – en þó starfaði Ingibjörg áfram sem aðalframkvæmdastjóri K.F.U.K. á Norðurlöndum til ársins 1930.<sup>97</sup>

Líkt og Lillian Faderman gerði grein fyrir í bók sinni *Surpassing the Love of Men*, var það ákjósanlegur valkostur fyrir konur undir lok 19. aldar að stofna til sambúðar með annarri konu á jafningjagrundvelli, frekar en að ganga inn í hlutverk eiginkonunnar. Þetta átti sér í lagi við um konur sem, líkt og Ingibjörg og Despina, lifðu af skrifum sínum og lögðu kapp á að byggja upp feril sinn frekar en að hafa augastað á fjölskyldulífínu.<sup>98</sup> Sigríður K. Þorgrímsdóttir hefur fjallað um þennan valkost í íslensku samhengi, þar sem hún segir að konur sem höfðu sótt sér menntun hafi staðið frammi fyrir valinu á milli þess að ganga inn í hefðbundnar kröfur kvenleikans á kostnað starfsframa, eða þá að fórna hjónabandinu til þess að fá færi á að láta aðra drauma rætast.<sup>99</sup>

Í grein sinni um kvennaparið Beth Hennings og Ginu Leffler bendir sænski sagnfræðingurinn Hanna Markusson réttilega á að ógiftar konur hafi einnig kosið að búa saman af praktískum eða efnahagslegum ástæðum, en aðstæður þeirra Hennings og Leffler annars vegar og Despinu og Ingibjargar hins vegar eru ekki ólíkar; stéttarstaðan gefur til kynna að sambúin hafi fyrst og fremst komið til vegna þess að þær hafi sótt í félagsskap hvor annarrar.<sup>100</sup> Þá hefur Vicinus jafnframt varað við því að líta á slíkan félagsskap eða sambönd sem staðgengil ástar líkt og þær hafi misst af hjónabandslestinni, líkt og oft hefur verið gert í tilfelli sambanda milli eldri kvenna. Slík sambönd hafi ekki komið í staðinn fyrir ást, þau hafi verið innihaldsrík og ástúðleg og

---

<sup>95</sup> Sigurbjörn Á. Gíslason, „Ingibjörg Ólafsson,“ 3.

<sup>96</sup> *BRS* Einkaskjalasafn nr. 506. Askja 1. Bréf frá Despinu Karadja til Guðrúnar Halldórsdóttur 2. maí 1969. Frumtexti: „It was only when she could get the complete rest of our home in London that her health got better.“

<sup>97</sup> Karadja, *En minnesbok*, 44.

<sup>98</sup> Faderman, *Surpassing the Love of Men*, 204.

<sup>99</sup> Sigríður K. Þorgrímsdóttir. „Mitt hjarta svarar ekki,“ 465.

<sup>100</sup> Winkvist. „Beth Hennings och Gina Leffler – Kärlek mellan raderna,“ 239.

þannig staðið fyrir sínu frekar en að koma í stað einhvers annars og betra.<sup>101</sup> Það liggur í augum uppi að Despina hafi ekki þurft að deila heimili sínu með Ingibjörgu vegna fjárhagslegra örðugleika; þrátt fyrir að gegna hinum ýmsu störfum fyrir K.F.U.K. og sem fyrirlesari vann hún allt í sjálfboðavinnu og lifði á arfi úr móður og föðurætt.<sup>102</sup>

Fyrsta áratug sambúðarinnar eru þær búsettar á gömlu fjölskylduheimili Despinu við Onslow Gardens. Á Lundúnaárunum eru Despina og Ingibjörg báðar ötulir fyrirlesarar um kristileg málefni, og héldu meðal annars sameiginleg erindi um stöðu kristindómsins í Rússlandi<sup>103</sup> og siðaskiptin í Skandinavíu.<sup>104</sup> Nokkrum sinnum er nafna þeirra getið saman í breskum dagblöðum; þar sem fjallað er um fyrirlestra Despinu er Ingibjörg oft sögð vera í fylgd með henni og á víxl. Á þessum árum ferðuðust þær einnig reglulega út fyrir landsteinana; til Ítalíu, Grikklands, Egyptalands og Palestínu,<sup>105</sup> líkt og Despina skýrði frá í bréfi til Dúnu árið 1961:

Hún var yndislegur ferðafélagi, ávallt áhugasöm og skilningsrík og unaðslegt skopskyn hennar gerði það enn ánægjulegra að skoða hluti með henni. Við höfðum sama smekk og sömu áhugamál og áttum svo góðar stundir á öllum ferðalögum okkar.<sup>106</sup>

Auk ferðalaga út fyrir landsteinana urðu ferðalögin til suðurstrandarinnar tíðari, þar sem þær dvöldu í húsi Despinu í smábænum Rottingdean. Í bréfi til móður sinnar sumarið 1936 segist Ingibjörg hafa verið við suðurströndina í tvær vikur sér „til heilsubótar“ en ætlar sér brátt aftur til Lundúna. Samkvæmt bréfi til Halldóru Bjarnadóttur, dagsettu 9. mars 1938, búa þær þá í Rottingdean mestan hluta ársins – og segist Ingibjörg ekki koma til með að vera í Lundúnum þegar Halldóra kemur til Englands. Þær halda þó í heimili sitt við Onslow Gardens til ársins 1939, en að sögn Despinu pökkðu þær

---

<sup>101</sup> Vicinus, *Intimate Friends*, xxvii.

<sup>102</sup> BSR Einkaskjalasafn nr. 506, askja 1. Bréf frá Despinu Karadja til Guðrúnar Halldórsdóttur 11. febrúar 1966.

<sup>103</sup> „A Godless Russia. Christian Effort in the Border States,“ 11.

<sup>104</sup> „Visitor to Belfast from Scandinavia. Introduced by Princess,“ 2.

<sup>105</sup> Karadja, *En minnesbok*, 43.

<sup>106</sup> BSR Einkaskjalasafn nr. 506, askja 1. Bréf frá Despinu Karadja til Guðrúnar Halldórsdóttur 31. október 1961. Frumtexti: „She was a lovely travelling companion, always interested and understanding and her delightful sense of humour added to the joy of seeing things with her. We had the same tastes and the same interests and had such happy times together on all our journeys.“

búslóð sinni í Lundúnum saman í flýti árið 1940 eftir að Þjóðverjar hófu sprengjuárásir á borgina.<sup>107</sup>

Seinni heimsstyrjöldin setti einnig svip sinn á heimilislífið í Rottingdean. Í bréfi til Halldóru Bjarnadóttur lýsir Ingibjörg hræðslunni meðal bæjarbúa Rottingdean þegar Þjóðverjar settust að á frönsku ströndinni, handan Ermarsundsins. Á meðan á stríðinu stóð tóku Ingibjörg og Despina að sér 70 breska hermenn, sem fengu húsaskjól í gestaálmu heimilisins. Ástandið virðist þó hafa tekið sinn toll;

...Ég held að það hafi verið meira en við gátum þolað, sérstaklega held ég að hinar miklu næturvökur hafi skaðað heilsu okkar. – það var um tíma að það var enginn friður. Hvorki nótt eða dag. – svo komu hinar fljúgandi bombur – og þær voru enn þá verri en flugvélnar, því erfitt var að skjóta þær niður og þessi mannlaus hlutur var ekki hræddur við neitt, og rann ekki á flótta!<sup>108</sup>

Til Halldóru skrifar Ingibjörg einnig um heimilislíf þeirra Despinu í Rottingdean þegar allt lék í lyndi, haustið 1941. Þar segir hún frá hversdagslífi þeirra á heimilinu við sjávarsíðuna „við búum stöðugt hérna niður við hafið – og komum fremur sjaldan til Lundúna,“ ritar Ingibjörg sem greinir í útúrdúr frá störfum sínum og kvennafundum síðustu mánuði áður en hún heldur áfram að lýsa heimilislífinu, nánar tiltekið garðrækt þeirra Despinu við *Stella Maris Drive*.

„Við höfum unnið mikið í garðinum okkar...og köllum við það hjerna „to dig for victory“ – við vinkona mín fengum afar mikla uppskeru, t.d. 307 pund af tómötum, 50 pund af lauki fyrir utan allt mögulegt annað...“<sup>109</sup>

Hér kveður við annan tón en í öðrum bréfum Ingibjargar sem hafa varðveist. Alla jafna spilar Despina aukahlutverk í bréfum Ingibjargar til fjölskyldu og kunningja, þar sem Despina fær ef til vill að kasta kveðju, en birtist lesendum ekki sem veigamikill hluti af ævi og störfum Ingibjargar. Bréf Ingibjargar til Halldóru eru því einstök að því leytnu

---

<sup>107</sup> Sama heimild, 3. ágúst 1965.

<sup>108</sup> HAH Einkaskjalasafn Halldóru Bjarnadóttur, askja 5, ör 41. Bréf frá Ingibjörgu Ólafsson til Halldóru Bjarnadóttur 2. desember 1945.

<sup>109</sup> Sama heimild, 15. október 1941.

til að þau veita fágæta innsýn inn í heimilislíf þeirra Despinu, þar sem hversdagsleikinn fær meira vægi.

## 2.4 Kæra Dúna...

Þrátt fyrir stopul samskipti við Halldór bróður sinn tekur Ingibjörg upp á því að skrifast á við dóttur hans árið 1954. Dúna var þá rétt rúmlega tvítug og að ljúka menntaskóla og bréfasamskiptin snúast mestmegnis um skólagöngu Dúnu, fréttir af fjölskyldunni og heilsufar þeirra tveggja.<sup>110</sup> Despina fær einnig pláss í þeirri mynd sem Ingibjörg malar upp af lífi sínu í bréfunum, þar sem Ingibjörg sendir frænku sinni peninga í gegnum sænskan bankareikning Despinu nokkrum sinnum á ári – ásamt því að skila kveðju til Dúnu frá prinsessunni, og á víxl. Nokkrum árum eftir að bréfaskiptin við Dúnu hófust fór heilsu Ingibjargar að hraka til muna. Þá var það ekki einungis líkamleg heilsa Ingibjargar sem fór að bregðast henni, heldur einnig minnið. Í stað þess að hætta á að það slitnaði upp úr sambandi Ingibjargar við fjölskyldu sína heima, tók Despina við bréfaskrifunum. Bréfasamskipti Dúnu og Despinu hefjast árið 1960 og vara allt til 1976, þegar 14 ár eru liðin frá andláti Ingibjargar.

Ásamt því að fjalla um heilsu Ingibjargar veita skrif Despinu innsýn inn í vináttu þeirra sambýliskvennanna. Á milli þess sem Despina spyrst fyrir um áætlanir Dúnu og fréttir af fjölskyldunni og Íslandi, birtast langar lofræður um Ingibjörgu þar sem Despina leggur ríka áherslu á hve lengi þær hafi fylgst að og hversu samofin líf þeirra tveggja voru.

Dúna hafði þó aldrei hitt þessa frænku sína, né Despinu, þegar bréfasamskiptin hófust – en haustið 1961 skipuleggur Despina heimsókn Dúnu til Rottingdean. Samtöl þeirra um ferðaáætlanir Dúnu veita innsýn inn í það hvernig líf Despinu og Ingibjargar tók breytingum í kjölfar veikinda Ingibjargar, þar sem Despina virðist hafa lagt störf sín á opinberum vettvangi á hilluna til þess að hjúkra Ingibjörgu. Fyrir veikindin segist Despina hafa verið tíður gestur í Lundúnum, meðal annars til þess að sýna erlendum gestum borgina. Síðan 1959 hafi hún hins vegar haldið sig heima hjá Ingibjörgu, og

---

<sup>110</sup> BSR Einkaskjalasafn nr. 506, askja 1. Bréf frá Ingibjörgu Ólafsson til Guðrúnar Halldórsdóttur jólnin 1954.

einungis yfirgefið hana einn dag til þess að fara til tannlæknis í Lundúnum.<sup>111</sup> Þann 5. júní 1962, nokkrum mánuðum eftir heimsókn Dúnu, fellur Ingibjörg frá. Samskipti sem áður höfðu það að markmiði að aðstoða Ingibjörgu við að halda sambandi við ættingja leggjast þó ekki af. Ef eitthvað er verða bréfaskrif Despinu til Dúnu reglulegri þar sem sorgin og söknuðurinn er gerður að meginviðfangsefni, og Despina lýsir því í smáatriðum hvernig hún ætlar sér að halda minningu Ingibjargar á lífi.

---

<sup>111</sup> BSR Einkaskjalasafn nr. 506, askja 1. Bréf frá Despinu Karadja til Guðrúnar Halldórsdóttur 3. júlí 1961.

### 3. Einkaskjalasafn Ingibjargar

Er hér í tröppunum – yndislegt! Ef þú værir hér!

Kær kveðja,

Þín,

D.<sup>112</sup>

Textinn hér að ofan eru einu samskipti milli þeirra Despinu og Ingibjargar sem varðveitt eru í einkaskjalasafni þeirrar síðarnefndu. Um er að ræða póstkort, sem er þó ekki flokkað með öðrum bréfum og kortum til Ingibjargar, heldur leynist það inni í þar til gerðu póstkortalbúmi. Þar er það umkringgt auðum kortum sem Ingibjörg hefur vafalaust sankað að sér á ferðalögum sínum. Póstkortið frá Despinu stendur því út úr og virðist jafnvel hafa endað í albúminu fyrir einskæra tilviljun.

Vegna heimildaskorts er engin leið að segja til um það hvernig þær tjáðu tilfinningar sínar, eða lýstu sambandi sínu í einrúmi. Þó eru í skjalasafninu skrif Ingibjargar og Despinu þar sem þær minnst hvor á aðra, sambandið, tilfinningar sínar og birta frásagnir um hversdagslíf sitt. Upplýsingarnar sem þar koma fram eru þó háðar sambandi þeirra við viðtakanda bréfsins og þeirri sviðsetningu lífsins sem á sér stað í sendibréfum. Hér verður orðfærið sem þær Despina og Ingibjörg nota til þess að lýsa vináttu sinni skoðað nánar – þar sem lítið verður til þess í hvaða samhengi þær tala um samband sitt, og hvenær það ríkir þögn um það í persónulegum heimildum.

Líkt og í þessari ritgerð byggir sagnaritun sem snýr að nánú samneyti kvenna að stórum hluta á persónulegum heimildum. Túlkunarmöguleikar þessara heimilda eru sagnfræðingnum Sally Newman hugleiknir í fyrrnefndri grein – þar sem hún lýsir löngun fræðimannsins til þess að ramba á óyggjandi sönnunargögn á borð við ástarjátningar. Hún jatar raun upp á sjálfa sig þá tilhneigingu að líta svo á að ástarbréf hafi meira sannleiksgildi en aðrar heimildir um sambönd fólks – en engar ástarjátningar er að finna í skjalasafninu sem Newman hefur á milli handanna – rétt eins og í þessari rannsókn.<sup>113</sup> Í þessum kafla verður rýnt nánar í bréfin sem varðveitt eru í skjalasafni Ingibjargar, þar sem lagt verður upp með að beita *hinsegin lestri* á heimildaforðann.

---

<sup>112</sup> BSR Einkaskjalasafn nr. 506, askja 5. Póstkort frá Despinu Karadja til Ingibjargar Ólafsson 7. september 1927. Frumtexti: „Är här uppe på trappen — underbart! Om du var här! Tusen hilsen, Din, D.“

<sup>113</sup> Newman, „The Archival Traces of Desire,“ 63.

Þannig verður skoðað hvernig orðræður vináttu og rómantíkur annars vegar og trúar og rómantíkur hins vegar skarast í skrifum Despinu um Ingibjörgu – en líkt og fræðimenn á sviði hinsegin sögunnar hafa bent á hafa mörk vináttu og annarskonar sambanda verið breytileg í tímans rás og mótast af samfélagslegum þáttum.<sup>114</sup>

### 3.1 Ritstíll og ritskoðun

Í einkaskjalasafni Ingibjargar eru sendibréf frá árunum 1921–1976, og meginþorri þeirra er stílaður á ættingja Ingibjargar. Framanaf eru bréf til Guðrúnar móður hennar algengust. Frá síðari hluta fimmta áratugarins hafa varðveist bréf til Halldórs bróður hennar og Dúnu dóttur hans. Það er athyglisvert að sjá hvernig Ingibjörg gefur Despinu aukið vægi í bréfasamskiptum sínum eftir kynslóðunum; hana er hvergi að finna í skrifum hennar til móður sinnar, hún fær að kasta kveðju í bréfi til Halldórs, en í skrifunum til dóttur Halldórs, Dúnu, spilar Despina töluvert stærra hlutverk.

Í greininni „The Epistolarium“ útlistar Liz Stanley nokkra einkennandi þætti sendibréfa. Sem bókmenntagrein svipar þeim að mörgu leyti til samræðuforms, en að sögn Stanley eru þau það þó ekki.<sup>115</sup> Sendibréf hafa að geyma brot af samræðum, en stök bréf eru alltaf ókláruð; þau vísa í fyrri skrif og bíða svars.<sup>116</sup> Bréfasöfn, líkt og það sem hér er skoðað, varðveita sjaldan heildstæð samskipti og eru fræðimenn því dæmdir til þess að hlusta á einhliða samtal, þar sem löng tímabil þagnar kunna að einkenna þau.<sup>117</sup> Þegar bréf eru lesin og notuð sem heimildir skipta bæði höfundur þeirra og viðtakandi máli, þar sem efni bréfanna er skilyrt af sambandi höfundar og viðtakanda á hverjum tíma fyrir sig, að sögn Stanley. Hún sér bréfið sem leiksvið þar sem sjálfið er mótað og sviðsett gagnvart viðtakandanum.<sup>118</sup> Viðtakandinn er þó ekki þögull áhorfandi heldur snúast hlutverkin við um leið og bréfinu er svarað.<sup>119</sup>

Bréfasamskiptin sem hafa varðveist milli Ingibjargar og móður hennar vara frá 1921-1938. Í þessum skrifum gefur Ingibjörg gjarnan skýrslu um eigið heilsufar, ræðir

---

<sup>114</sup> Íris Ellenberger, Hafdís Erla Hafsteinsdóttir og Ásta Kristín Benediktsdóttir, „Meira en þúsund orð,“ 11.

<sup>115</sup> Stanley, „The Epistolarium,“ 202.

<sup>116</sup> Sama heimild, 210.

<sup>117</sup> Erla Hulda Halldórsdóttir, „The Narrative of Silence,“ 39.

<sup>118</sup> Stanley, „The Epistolarium,“ 208.

<sup>119</sup> Sama heimild, 212.



veðrið og kastar kveðju á ættingja sína. Sumarið 1936 tjáir hún móður sinni að hún hafi ekki verið heilsuhraust til lengri tíma vegna þreytu og hjartabilunar. Þá hefur hún verið til hvíldar í tvær vikur nálægt Brighton – að öllum líkindum í Rottingdean í sumarhúsi þeirra Despinu sem þó er ekki nefnd á nafn.<sup>120</sup> Ferðalögin ræðir hún einnig við móður sína, meðal annars vinnuferðir til Þýskalands 1922 og Færeyja sumarið 1932. Þá sendir hún móður sinni kveðju frá Palestínu árið 1935,<sup>121</sup> þar sem Despina mun hafa verið með í för þó það komist ekki á blað hjá Ingibjörgu.<sup>122</sup> Stíll bréfanna er hversdagslegur og nokkuð stuttur og varpa þau því takmörkuðu ljósi á líf Ingibjargar í Bretlandi og á ferðalögum hennar, en þau gefa okkur mynd af því hverju henni þótti mikilvægt að miðla til móður sinnar um lífið ytra.

Það er örlítið meira kjöt á beinunum í tveimur bréfum frá Ingibjörgu til Halldórs bróður síns – en þau eru bæði skrifuð undir lok sjötta áratugarins. Fyrri bréfið gefur til kynna að þau hafi verið í bréfasamskiptum áður því Ingibjörg þakkar bróður sínum fyrir „hlýjar jóla og nýárs óskir til okkar vinkonu minnar“ og skilar til baka kveðjum frá Despinu til Halldórs. Halldór hefur því vitað hvernig heimilislífi Ingibjargar var háttað. Samskipti þeirra á milli hafa þó greinilega verið stopul og kvartar Ingibjörg sáran yfir því hversu erfitt er að lesa utanáskriftina á bréfum Halldórs – hún sé það ólæsileg að hún hafi hreinlega ekki getað svarað bréfinu hans strax.

Í skrifum sínum um utanáskriftir kemur glöggt í ljós hversu lengi Ingibjörg hafði verið erlendis – og þrátt fyrir að hún hafi stært sig af því að fylgjast vel með gangi mála heima, er hún ekki kunnug staðháttum. „Jeg er búin að vera svo lengi að heiman,“ segir Ingibjörg við Halldór, „að jeg man til dæmis ekki hvar Hveragerði er. – Jeg held að það sje nálægt Reykjavík en jeg get ekki sent bréf svona út í bláinn.“ Til viðbótar við Halldór hafi fimm manns sent henni bréf jólnin 1957, en þau skrifi öll heimilisföng sín svo ógreinilega að hún hafi ekki getað skrifað þeim til baka. Hún veltir því fyrir sér hvort hún ætti að skrifa í blöðin um þetta aðkallandi vandamál, til þess að koma í veg fyrir að fólk reiðist henni fyrir svarleysið. Þá reiknar hún með því að vegna þess að hún sé svo „íslensk í anda og fylgist nokkuð vel með því sem skeður heima“ gleymist það að hún hafi búið erlendis stóran part ævi sinnar. Ingibjörg leggur litla bróður sínum einnig

---

<sup>120</sup> BSR Einkaskjalasafn nr. 506

, askja 1. Bréf frá Ingibjörgu Ólafsson til Guðrúnar Jónsdóttur 25. maí 1936.

<sup>121</sup> Sama heimild, 17. mars 1935.

<sup>122</sup> Karadja, *En minnesbok*, 43.

línurnar, þar sem hún varar hann við að ofreyna sig í vinnunni svo hann slíti sér út líkt og hún hafi gert sjálf.<sup>123</sup> Síðara bréfið til Halldórs er styttra, en þar spyrst Ingibjörg fyrir um líðan fólksins heima og hefur sérstakan áhuga á Dúnu frænku sinni.<sup>124</sup>

Það liggur ekki fyrir hvers vegna Ingibjörg hefur bréfasamskipti við Dúnu. Líkt og áður hefur komið fram höfðu leiðir þeirra aldrei skarast og einu fréttirnar sem Ingibjörg hefur fengið af litlu frænku sinni munu hafa verið í gegnum bréfasamskipti við aðra fjölskyldumeðlimi. Því er enn athyglisverðara að Dúna sé sá ættingi sem Ingibjörg talar mest við um Despinu, og að endingu sá ættingi sem Despina heldur mestum samskiptum við eftir andlát Ingibjargar.

Ritstíll Ingibjargar er ávallt nokkuð fjarlægur, það á jafnt við um skrif hennar til Dúnu og annarra fjölskyldumeðlima. Hún ræðir sára sjaldan tilfinningar sínar og heldur sig við hversdagsleg viðfangsefni á borð við veðráttuna, heilsufar og almennar fréttir. Ingibjörg lætur þó væntumþykju sína í garð Dúnu í ljós með öðrum leiðum; hún spyrst reglulega fyrir um nám hennar og býðst til þess að senda henni bækur frá Englandi. Despinu nefnir hún nokkrum sinnum á nafn; hún skilar kveðju til prinsessunnar frá Dúnu og á víxl, og útskýrir fyrir bróðurdóttur sinni hvers vegna peningagjafir komi af sænskum bankareikningi Despinu.

Séu bréf Ingibjargar til Dúnu annars vegar og bréf Despinu sem tók síðar við keflinu hins vegar borin saman má sjá að efniviður og ritstíll bréfanna er nokkuð ólíkur. Despina trúir Dúnu fyrir innri hugðarefnum sínum; hún rifjar upp minningar sínar um Ingibjörgu, ræðir mikilvægi vináttu þeirra og að Ingibjörgu látinni trúir hún Dúnu fyrir söknuðinum. Despina skrifar um samskonar efni og Ingibjörg, heilsuna og veðráttuna, en tónninn er annar. Til að mynda ræðir hún áhrif veikinda Ingibjargar á heimilislífið; svefnlausar nætur í Rottingdean, og ákvörðun sína að hætta að vinna til þess að annast Ingibjörgu.

Bréf Despinu til Dúnu eru besta vísbendingin um það hvernig þær Ingibjörg og Despina sáu vináttuna sín á milli, og hvernig Despina vill að ættingjar Ingibjargar minntust sambandsins og Ingibjargar. Jafnvel þó bréfin fjalli ekki um Ingibjörgu finnur Despina leið til þess að tengja upplifanir sínar og upplifanir Dúnu við minningu

---

<sup>123</sup> BSR Einkaskjalasafn nr. 506, askja 1. Bréf frá Ingibjörgu Ólafsson til Halldórs Jónssonar 28. desember 1957.

<sup>124</sup> BSR Einkaskjalasafn nr. 506, askja 1. Bréf frá Ingibjörgu Ólafsson til Halldórs Jónssonar 25. mars 1959.

Ingibjargar. Þar undirstrikar Despina nándina í sambandinu með því að beita trúarlegri orðræðu, og fjalla um þær sem fjölskyldu hvor annarrar.

### 3.2 Skörun orðræðu trúar og rómantíkur

Já guð í gæsku sinni sá fyrir því að við tvær hittumst og urðum vinkonur. Hún hitti „prinsessuna“ sína sem varð ekki einungis vinkona hennar heldur jafnframt hennar hógværi þegn vegna þess að frænka þín var drottning og dýrlingur. Kæra Dúna, ég get ekki komið því í orð hversu mikið ég sakna hennar. Lífið er svo tómlegt án hennar og ég sakna hennar meir og meir.<sup>125</sup>

Téð orð lét Despina falla í bréfi til Dúnu tveimur árum eftir andlát Ingibjargar. Þessi bréfbútur er athyglisverður fyrir tvær sakir: Í fyrsta lagi beitir Despina trúarlegri orðræðu til þess að undirstrika tilfinningar sínar í garð Ingibjargar og auk þess málar hún upp mynd af valdatengslum þeirra á milli, þar sem hún sér sig undirgefna Ingibjörgu – sem gengur raunar þvert á samfélagslega stöðu þeirra þar sem Ingibjörg er vinnandi kona en Despina lifir af fjölskylduarfi í krafti tignar sinnar og auðs.

Líkt og áður hefur komið fram voru Ingibjörg og Despina báðar heittrúaðar og helguðu ævi sína að stórum hluta til starfi í þágu K.F.U.K og kirkjunnar. Í fyrrnefndri bók Vicinus, *Intimate Friends*, bendir hún á nán tengsl orðræðu rómantíkur og trúar á síðari hluta 19. aldar og fyrri hluta þeirrar tuttugustu, þar sem hún segir hugmyndir um ást á Viktoríútímabilinu raunar nátengdar trúnni; ástin komi frá Guði og í samböndum kvenna sem Vicinus dregur upp á yfirborðið er stundum stutt á milli ástarinnar í garð Guðs og ástarinnar í garð vinkonunnar.<sup>126</sup> Þannig hafi konur notað trúarlega orðræðu til þess að lýsa ást sinni í garð annarrar konu með orðalagi sem opinberaði tilfinningarnar en haldi þær um leið.<sup>127</sup> Tilfinningaþrungnustu skrif Despinu um Ingibjörgu einkennast einmitt af trúarlegum vísunum, líkt og má sjá í bréfabrotinu hér að ofan. Oft og tíðum

---

<sup>125</sup> BSR Einkaskjalasafn nr. 506, askja 1. Bréf frá Despinu Karadja til Guðrúnar Halldórsdóttur 21. janúar 1964. Frumtexti: „Yes god in his goodness did so arrange it that we two met and became friends. She did meet her ‘princess’ who became not only her friend but her humble ‘subject’ for your auntie was a queen and a saint. Duna dear, I cannot tell you how I miss her. Life is so empty without her and I miss her more and more.“

<sup>126</sup> Vicinus, *Intimate Friends*, 85.

<sup>127</sup> Sama heimild, 86.

skrifar hún Dúnu um þakkarskuld sína til Guðs fyrir að hafa leitt þær saman, segir Guð hafa ætlað þeim að finna hvor aðra og verða hvor annarri til liðs.<sup>128</sup> Í bæklingi sem Despina skrifaði um skuld sína við Guð gerir hún samskonar tengingu þar sem hún þakkar Guði bæði fyrir að gefa henni nærveru Ingibjargar og tækifærið til þess að þroska samband sitt við guð í samtali við hana.<sup>129</sup>

Gjöf guðs og minning Ingibjargar fléttast einnig saman í minningargrein Despinu um Ingibjörgu sem birtist í *En minnesbok*. Þar undirstrikar Despina hlut guðs í að koma þeim saman, og eftirfarandi texti vekur sérstaka athygli:

Það var fyrir guðs náð, ólýsanlegt ríkidæmi að hafa átt vináttu Ingibjargar að í 39 ár og að fá að deila lífinu með henni í 37 ár. Ég get aldrei þakkað Guði nóg – né henni sjálfri – fyrir allt það sem hún gaf og var mér á þessum mörgu ánægjulegu árum. Hann gaf okkur saman.<sup>130</sup>

Líkt og í fyrri textabrotum þakkar Despina hér Guði fyrir að hafa komið vináttu þeirra í kring. Höfundar *Huldukvenna* benda þó sérstaklega á eina setningu í framangreindum texta; „Hann gaf okkur saman,“ – sem er bein vísun til hjónabandsvígslu bæði á íslensku og dönsku.<sup>131</sup> Despina talaði sjálf dönsku ef marka má bréf hennar til Dúnu þar sem hún óskaði eftir því að þær skrifuðust frekar á dönsku en ensku.<sup>132</sup>

Minningargreinin er hins vegar skrifuð á sænsku, þar sem þetta orðatiltæki er óþekkt í þeirri merkingu að gefa einhverja saman sem hjón – því má spyrja sig hvað Despina meinti með þessu orðalagi.<sup>133</sup>

---

<sup>128</sup> BSR Einkaskjalasafn nr. 506, askja 1. Bréf frá Despinu Karadja til Guðrúnar Halldórsdóttur, 23. júní 1970.

<sup>129</sup> Bryans, *The Dust Has Never Settled*, 338.

<sup>130</sup> Karadja, *En minnesbok*, 37–38. Frumtexti: „Det blev, a Guds nåd givne, ofattbara rikedom att i 39 år åga Ingibjörqs vänskap och att i 37 år få dela med liv med henne. Jag kan aldrig nog tacka Gud – och henne själv – för allt hon gav och var för mig under dessa många lyckliga år. *Han* gav oss tillsammans.“

<sup>131</sup> Ásta Kristín Benediktsdóttir, Hafdís Erla Hafsteinsdóttir og Íris Ellenberger, „Rómantík og tilfinningar.“

<sup>132</sup> Sjá t.d. BSR Einkaskjalasafn nr. 506, askja 1. Bréf frá Despinu Karadja til Guðrúnar Halldórsdóttur 22. febrúar 1962.

<sup>133</sup> Ásta Kristín Benediktsdóttir, Hafdís Erla Hafsteinsdóttir og Íris Ellenberger, „Rómantík og tilfinningar.“

### 3.3 Hirðdama, drottning, vinkona

Í sjálfssævisögunni *When the Dust has Settled* minnst Robin Bryans Ingibjargar sem hirðdömu (e. *Lady-in-waiting*) Despinu,<sup>134</sup> og hæðist að slúðrinu í Rottingdean sem uppnefndi þær „Ladies of Llangollen.“ Bryans var breskur rithöfundur og er hann höfundur nokkurra ferðabóka og sjálfssævisagna. Bryans bjó á tímabili í Rottingdean og í fyrrnefndri bók skrifar hann líflega um bæjarlífið og fólkið sem varð þar á vegi hans. Despinu hafði Bryans kynnst árið 1944 í gegnum sameiginlegan vin þeirra, Adam Fox, sem þá var kórbróðir við kirkjuna í Westminster Abbey.<sup>135</sup> Uppnefnið Ladies of Llangollen, sem Bryan segir þó ekki eiga við þær Despinu og Ingibjörgu, vísar í nafntogaða kvennaparið Sarah Ponosby og Eleanor Butler, sem gerðu garðinn frægan á Bretlandseyjum undir lok 18. aldar. Ponosby og Butler vöktu athygli fyrir náíð samband sitt og sambúð sem varði yfir hálfu öld, og hefur ævi þeirra tíðum verið sett í samhengi hugmynda um rómantíska vináttu kvenna.<sup>136</sup>

Hugmyndin sem Bryans teflir fram um samband Despinu og Ingibjörgu sem samband aðalskonu og hirðdömu er einnig athyglisverð og vekur upp spurningar um það hvernig samband þeirra kom fyrir sjónir vina og vandamanna á Englandi – Bryans þekkti ágætlega til Despinu, að minnsta kosti að eigin sögn. Þetta stemmir vitaskuld ekki við það hvernig samband þeirra birtist í bréfasamskiptunum sem hér hafa verið rædd; þar sem Despina snýr valdaafstæðunum á haus, sér sig undirgefna Ingibjörgu og ræðir um þjónustu sína í hennar garð.

Líkt og Barbara Caine vekur athygli á í *Biography and history* notuðu konur sem kenndar eru við konur margvíslegar orðræðuhefðir til þess að lýsa samböndum sínum,<sup>137</sup> og í skrifum Despinu má sjá hana ræða samband sitt við Ingibjörgu með vísunum í fjölskyldu, vináttu og hógvært samband þegns og drottningar, líkt og kom fram hér að ofan.

Í bréfunum til Dúnu birtist Ingibjörg síður en svo sem hirðdama Despinu, heldur er tengingin við fjölskylduna í fyrirrúmi. Despina finnur sig nokkrum sinnum knúna til þess að útskýra fyrir Dúnu hvers vegna hún hafi jafn mikinn áhuga á henni og raun bar

---

<sup>134</sup> Bryans, *The Dust has Never Settled*, 339.

<sup>135</sup> Sama heimild, 339.

<sup>136</sup> Brideoake, *The Ladies of Llangollen*, xvi.

<sup>137</sup> Caine, *Biography and History*, 43.

vitni, meðal annars til þess að réttlæta peningagjafir. Ingibjörg hafði í tvígang sent Dúnu peninga af sænskum bankareikningi Despinu upp á 250 sænskar krónur, og peningagjafirnar héldu áfram eftir andlát Ingibjargar. Náði samband hennar við Ingibjörgu veldur því, að sögn Despinu, að hún lítur á Dúnu sem sína eigin fjölskyldu. „Vertu svo væn að finnst það ekki vandræðalegt að taka við þessum gjöfum. Frænka þín og ég eigum engin börn og hún hefur verið svo áhugasöm um þig frá því að þú fæddist...“,<sup>138</sup> skrifar Despina til að mynda til Dúnu stuttu fyrir andlát Ingibjargar, þar sem hún réttlætir peningagjafir sínar til Dúnu.

Despina samsamar sig einnig við upplifanir Dúnu að annast veikan ættingja þegar Halldór faðir hennar er rúmliggjandi. Í bréfi til Dúnu sumarið 1966 segist hún skilja hvaða tilfinningar Dúna sé að fara í gegnum, enda hafi hún upplifað samskonar kvíða yfir ástandi Ingibjargar „Ef eitthvað hefði hent hana eða ég hefði ekki getað haldið áfram að hjúkra henni, hefði ég þurft að senda hana í burtu,“ tjáir Despina Dúnu, en Halldór hafði þá verið sendur inn á hjúkrunarheimili. Hefði slíkt gerst með Ingibjörgu bætir Despina við að það hefði án efa níst hana inn að hjarta.<sup>139</sup>

### 3.4 Lesið í sorgina

Tilfinningaríkustu skrif Despinu um Ingibjörgu eiga það sameiginlegt að þau eru skrifuð stuttu eftir andlát þeirrar síðarnefndu. Raunar virðist Despina grípa hvert tækifæri í skrifum sínum til Dúnu að reifa mannkosti Ingibjargar. Þetta er áhugavert að skoða í tengslum við sem það Liz Stanley hefur skrifað um sorgarvinnu, sem hún staðsetur á mörkum lífsins eins og það er lifað, og eins og það er skrifað um það. Það að syrgja ástvin vekur upp grundvallar spurningar um merkingu dauðans og missisins – og tengingu þess við merkingu lífsins. Með öðrum orðum veldur sorgin því að fortíðin gegnsýrir nútíðina.<sup>140</sup>

Nokkuð er um endurtekningar í skrifum Despinu um Ingibjörgu. Dæmi um það er vísun í trúarlega orðræðu og fjölskylduna, sem var drepið á hér að ofan. Despina minnir Dúnu einnig reglulega á lengd sambandsins; þær hafi búið saman í 39 ár, og löng

---

<sup>138</sup> BSR Einkaskjalasafn nr. 506, askja 1. 26. júlí 1961. Frumtexti: Please do not feel embarrassed about accepting these gifts. Your auntie and I have no children and she has been so interested in you ever since you were born...“

<sup>139</sup> Sama heimild, 14. júní 1966.

<sup>140</sup> Stanley, „Mourning becomes...“ 2.

og hamingjusöm sambúð hafi gefið Despinu ótal minningar, svo góðar eru minningarnar að Despina reiknar með því að fáir búi að jafn hamingjusömum minningum og hún sjálf.<sup>141</sup> Hún undirstrikar mikilvægi og nánd sambandsins með því að benda á lengdina og benda á hversdagsleikann. Dauði Ingibjargar kallar ekki einungis fram sorg heldur umturnar hann hversdagslífi Despinu.

Það var (eins og alltaf) kvíðvænlegt að koma heim og heyra ekki rödd minnar kæru vinkonu segja „vælkomen hem“ eins og hún gerði ævinlega. Ég sakna hennar meir og meir en ég er þakklát fyrir það að eiga heimili okkar að sem hefur að geyma allar hamingjusömu minningarnar okkar á þessum 25 dásamlegu árum. Þetta er eini staðurinn á þessari jörðu þar sem mér líður eins og ég sé heima.<sup>142</sup>

Stanley vísar einmitt að því hvernig sorgin kemur og fer, og opnast á ný eins og sár. Stundum með tilviljanakenndum hætti í amstri hversdagsins – en einnig við ákveðin tilefni á borð við afmæli og dánardag.<sup>143</sup> Þegar hátíðisdaga ber að garði eftir andlát Ingibjargar nýtir Despina tækifærið til þess að undirstrika fyrir Dúnu hversu samofin líf þeirra voru. Afmæli þeirra voru með fimm daga millibili, og á fyrsta afmælisdegi Ingibjargar eftir andlát hennar segir hún Dúnu að hún hafi ekki treyst sér til þess að vera ein. Á jólonum getur hún hins vegar ekki hugsað sér að halda þau með öðru móti en þær Ingibjörg höfðu gert:

Ég ætla að halda kyrru fyrir hér um jólin. Góðir vinir mínir vilja endilega að ég fari og dvelji hjá þeim en ég hef ekki áhuga á að taka þátt í neinum hátíðarhöldum. Ég vil vera hér í friði og hugsa til baka um þær mörgu gleðilegu jólastundir sem áttum saman...Þetta verða einmanaleg jól – þau fyrstu í 39 ár án

---

<sup>141</sup> BSR Einkaskjalasafn nr. 506, askja 1. Bréf frá Despinu Karadja til Guðrúnar Halldórsdóttir 2. júní 1963.

<sup>142</sup> Sama heimild, 15. desember 1963. Frumtexti: It was (as always) dreadful to come home and not hear my dear friends voice saying „vælkomen hem“ as she always used to. I miss her more and more but I am grateful to have our home here with all its happy memories of 25 wonderful years. It is the only place on this earth where I feel at home.

<sup>143</sup> Stanley, „Mourning Becomes...“ 3.

minnar ástkæru vinkonu ... Ég er viss um það að hún verður mjög nærri mér um jólin.<sup>144</sup>

Næstu jól og afmælisdaga skrifar Despina Dúnu nauðalík bréf, þar sem hún minnir hana á að þær frænka hennar hafi haldið upp á öll jól og afmæli í 39 ár, og að nú veki hátíðisdagarnir upp einmanalega tilfinningu.<sup>145</sup>

Samband þeirra Ingibjargar og Despinu birtist okkur því á margvíslegan hátt eftir því hvaða heimildir eru skoðaðar – þar skiptir sköpum hvenær textarnir eru skrifaðir, með tilliti til andláts Ingibjargar en einnig til hvers bréfin eru stíluð. Þannig fær Despina til að mynda ólíkt vægi í bréfum Ingibjargar eftir því hver viðtakandinn er, en athyglisvert er að sjá að því fjarlægara sem samband sendanda og viðtakanda er – því meira vægi fær sambandið. Ritstíll Ingibjargar og Despinu er einnig ólíkur. Ingibjörg fer sjaldan í saumana á tilfinningum sínum, en annað er uppi á borði í bréfum Despinu til Dúnu. Þar spilar sorgin þó einnig hlutverk. Bróðurpartur þeirra skrifa Despinu sem varðveitt eru í einkaskjalasafninu er skrifaður eftir andlát Ingibjargar, og þær aðstæður hafa marktæk áhrif á það hvernig Ingibjörg kemur þar fyrir sjónir.

---

<sup>144</sup> BSR Einkaskjalasafn nr. 506, askja 1. Bréf frá Despinu Karadja til Guðrúnar Halldórsdóttur 18. desember 1962. Frumtexti: „I am staying here quietly for xmas. Kind friends have insisted me to go and stay with them but I do not feel like taking part in any festivities. I want to be in peace here and think back on the many happy xmas times we had together...it will be a lonely xmas – the first for 39 years without my beloved friend ... I am sure she will be very near me at Xmas.“

<sup>145</sup> Sama heimild, 11. september 1963.



## 4. Blómin á leiðinu, skjölin á safninu

Ásamt því að koma sorginni á blað í skrifum sínum til Dúnu hefst Despina handa við að koma skjölum og eigum Ingibjargar á viðeigandi varðveislustofnanir stuttu eftir andlát hennar. Auk þess að leggja blóm á leiði Ingibjargar og hirða um gröf hennar þá er það undir henni komið að búa um skjöl hennar og arfleið. Despina gefur hún út og lætur þýða áður óútgefin handrit Ingibjargar, skrifar um hana minningargreinar og stendur að útgáfu bókarinnar *En minnesbok* í minningu hennar. Þá setur hún mark sitt á skjalasafnið með beinum hætti; pennastrikum og athugasemdum á spássíum þar sem hún undirstrikar verðmæti ákveðinna skjala eða setur þau í samhengi. Hún er sem sé önnum kafin við að tryggja að eigur Ingibjargar komist á réttan stað – og að minning hennar glattist ekki. Í sorgarvinnunni tekur Despina virkan þátt í móta þá minningu Ingibjargar sem varðveitt er með formlegum hætti, á skjalasafninu og víðar. Þegar þessi skrif Despinu um skjöl Ingibjargar eru skoðuð birtist tilurð skjalasafnsins okkur sem framhald af sameiginlegri ævisögu þeirra tveggja.

Í bréfum til Dúnu kemur í ljós að þær sambýliskonurnar höfðu rætt erfðamál sín í þaula, tekið sameiginlegar ákvarðanir um varðveislu hinna ýmsu minja, erfðarétt og skipulag jarðarfararinnar. Að Ingibjörgu látinni fer Despina þó ekki eftir sameiginlegum áætlunum þeirra í einu og öllu. Þess í stað tekur hún ákvarðanir upp á eigin spýtur um hvert og hvenær eigi að koma skjölum Ingibjargar til varðveislu – með það að markmiði að tryggja að minning Ingibjargar lifi. Í þessum kafla verður vikið að skrifum Despinu um dánarbú Ingibjargar og öðrum ráðstöfunum sem hún gerir í kjölfar andláts hennar, til þess að varpa ljósi á hvernig frásögnin í þeim skjölum Ingibjargar sem eru aðgengileg almenningi mótast af ákvörðunum um það hvernig manneskja vill láta minnast sín, og hvernig hún vill minnast látinna ástvina.

### 4.1 Ummerki þagnarinnar

„Það að horfa á eitthvað „autt“ er samt að horfa, að sjá eitthvað – jafnvel þó það séu einungis draugar væntinga manns,“ segir Susan Sontag í ritgerð frá árinu 1969.<sup>146</sup> Eðli þagnarinnar er Sontag hugleikið, en hún sér þögnina fyrir sér sem andhverfu hljóðsins,

---

<sup>146</sup> Sontag, „The Aesthetics of Silence,“ 10. Frumtexti: „To look at something that's "empty" is still to be looking, still to be seeing something — if only the ghosts of one's own expectations.“

staðsetta í andstæðupari ekki ósvipað öðrum slíkum á borð við *upp* og *niður*, eða *hægri* og *vinstri*. Með öðrum orðum; þögnin mótast og skilyrðist af því sem er sagt, því sem hefur varðveist. Þagnir hafa lengi vakið athygli fræðimanna, sér í lagi feminískra fræðimanna sem hafa bent á skurðpunkta jaðarsetningar og þagnar. Þar er ekki litið svo á að skortur á heimildum um eitthvað merki að það hafi ekki gerst – eða að það hafi ekki verið þýðingarmikið. Okkur beri að skoða hvað búi þögnina til, með valdaformgerðir, norm og viðmið samfélagsins til hliðsjónar.<sup>147</sup>

Eitt af þeim ritum sem setti þögnina á kortið var bók Tillie Olssen, *Silences*, sem skoðaði meðal annars skörun félagslegra mismunabreyta og þagnar í bókmenntaheiminum. Þar birtist þögnin okkur síður en svo sem einfalt fyrirbæri. Þagnirnar sem Olsen reifar koma til af ritskoðun annarra, ritskoðun sjálfins, þær eru í senn pólitískar og persónulegar, kvenlægar og tengdar hinu jaðarsetta. Þær er að finna í skúmaskotum, en ekki síður beint fyrir framan nefið á okkur.<sup>148</sup> Sontag og Olsen eru á einu máli um það að þagnir eigi sér ástæður, jafnvel baksögu – það er forsenda þess að hægt sé að leggja við hlustir og skoða þagnirnar í fræðilegu samhengi.

Þagnir á skjalasöfnum eru sjaldnast algerar, að mati kanadíska skjalafræðingsins Rodney G.S. Carter. Hljóð og þögn skilgreina hvort annað; þögnin skilur eftir sig ummerki í hljóðinu, og slóðir þagnarinnar er að finna innan skjalasafnsins, að sögn Carters.<sup>149</sup> Carter ræðir margvíslegar tengingar þagnar og valds í grein frá árinu 2006, þar sem hann segir þögnina meðal annars taka yfir frásögnina þegar á hana er bent. Meðvitundin um þögnina er forsenda þess að kanna hana, en þegar við höfum komið auga á ummerki hennar – líkt og í tilfelli einkaskjalasafns Ingibjargar – færist hún úr myrkrinu í forgrunninn.<sup>150</sup>

Ein leið til þess að fjalla um þagnir í heimildum eða einkaskjalasöfnum er að skoða hvaða heimildir eru til staðar – og hvar er augljós eyða.<sup>151</sup> Þar getur verið um að ræða tímabil þar sem skortir heimildir, skort á bréfum milli ákveðinna aðila, eða skort á heimildum um ákveðin málefni – svo sitthvað sé nefnt. Þetta er afstaðan sem tekin er í skrifum um Ingibjörgu og Despinu í *Huldukonum*. Sé einkaskjalasafn Ingibjargar

---

<sup>147</sup> Allen, „Evidenve and Silence,“ 184.

<sup>148</sup> Olsen, *Silences*, 142–151.

<sup>149</sup> Carter, „Of Things Said and Unsaid,“ 223

<sup>150</sup> Sama heimild, 224.

<sup>151</sup> Ásta Kristín Benediktsdóttir, Hafdís Erla Hafsteinsdóttir og Íris Ellenberger, „Eyður.“

skoðað með hugmyndir Carters um ummerki þagnarinnar í huga kemur þó í ljós að skjalasafnið fjallar um þögnina með mjög beinskeyttum hætti. Heimildir skjalasafnsins varpa skýru ljósi á það hvernig það varð til og af hverju gögnin sem þar er að finna voru afhent af Despinu til varðveislustofnunarinnar.

## 4.2 Ráðstöfun dánarbús

Pappírarnir, handritin og ljósmyndirnar á veggjunum; Despina erfði allar eigur Ingibjargar að henni látinni, og tók verkefnið sem hún stóð frammi fyrir alvarlega. Mununum þurfti að koma fyrir á varanlegum stað; á varðveislustofnunum og hjá fjölskyldunni heima á Íslandi. Verkefnið var brýnt og áríðandi í huga Despinu sem óttaðist að eigur Ingibjargar – og þar með minningin um hana – myndu glatast ef gögnin kæmust ekki á öruggan stað áður en hún félli sjálf frá.

Í bréfum sínum til Dúnu lætur Despina í ljós hversu ítarlega þær Ingibjörg höfðu rætt erfðamál sín. Þar er lögð áhersla á að þær hafi treyst hvor annarri best allra til þess að koma pappírnum á viðeigandi stað – og raunar verið illa við tilfinninguna um að einhverjum þeim ókunnugum væri falið það hlutverk. Þetta viðhorf kemur skýrt fram í bréfi sem vísað var til í inngangi þessarar ritgerðar.

Despina þakkar guði tækifærið að fá að þjónusta sambýliskonu sína í síðasta skipti, en í bréfum sínum til Dúnu viðurkennir hún þó einnig að hún fari ekki eftir óskum Ingibjargar í einu og öllu. Vilji Ingibjargar hafi verið sá að eigur hennar fengju að vera eftir á heimili þeirra í Rottingdean eftir dauða hennar. Þegar Despina skrifar Dúnu í janúarmánuði 1964 er hún í miðjum klíðum að koma bókum Ingibjargar á bókasafn Lundúnaháskóla. Eftir nokkrar línur sem lofsyngja Ingibjörgu og vináttuna segir hún Dúnu að strangt til tekið hafi það ekki verið ósk Ingibjargar að bækurnar færu strax á bókasafnið: „...hún [Ingibjörg] arfleiddi mig [Despinu] að öllu (líkt og ég arfleiddi hana að öllu) og ég held að hún hefði ekki beðið mig um að senda bækurnar hennar í burtu á lífstíð minni vegna þess að hún vissi að það myndi særa mig.“<sup>152</sup> Það sama hafi átt við önnur skjöl og eigur Ingibjargar.

---

<sup>152</sup> BSR Einkaskjalasafn nr. 506, askja 1. Bréf Despinu Karadja til Guðrúnar Halldórsdóttur 21. janúar 1964. Frumtexti: „for she left everything to me (as I left everything to her) And I do not think she would have asked me send away her books during my lifetime because she know that it would hurt me.“

Ferlið við að gera upp dánarbú Ingibjargar reynist Despinu ekki auðvelt, þvert á móti sýna bréf hennar til Dúnu fram á djúpstæða sorg og tregðu við að skilja við eigur sambýliskonu sinnar. Sumarið 1963 er Despina í óðaönn að senda handrit Ingibjargar til Íslands, hún segir Dúnu frá því að hún lesi reglulega yfir handritin sem rifja upp ljúfsárar minningar, hún muni vel umhverfið sem handritin voru skrifuð í og endurlesturinn færir Ingibjörgu nær henni ný. Þá nýtir hún tækifærið til þess að á rétta nánd og lengd sambandsins.<sup>153</sup>

Bréfið er raunar dæmigert fyrir skrif Despinu til Dúnu á meðan hún stendur í því að koma pappírur Ingibjargar á réttan stað. Almennu tekur hún fram að munirnir eða skjölin séu á heimleið en það sé henni erfitt, hún rifjar upp minningar í tengslum við munina og tengir þær í víðara samhengi við þá löngu og hamingjusömu ævi sem þær deildu. Samskonar frásögn er til að mynda að finna í bréfi til Dúnu sem tilkynnir um komu veggskjaldar sem Ingibjörg hafði fengið að gjöf: „Það nísti hjarta mitt að taka hann niður af veggnum...Í 30 ár hefur það veitt mér gleði að horfa á hann þar sem hann var áminning um alla ástúðina og þakklætið sem Ingibjörg vakti,“ ritar Despina en bætir við að það sé huggun að skjöldurinn sé kominn á varanlegt heimili, „Því enginn veit hvað mun gerast þegar ég dey og enginn mun sjá um eigur hennar og uppfylla óskir hennar af jafn mikilli ást og ég hef gert.“<sup>154</sup>

Það liggur í augum uppi að Despinu hafi þótt mikilvægt að tryggja að minning Ingibjargar lifði góðu lífi á Íslandi. Ferlið reynist henni þungbært, en óttinn við að pappírar og munir Ingibjargar glattist að henni sjálfri látinni virðist þó trompa allt. Hins vegar er einnig ljóst að Despina sendir ekki alla pappíra Ingibjargar heim. Í *En minnesbok* minnist hún til að mynda á tuttugu blaðsíðna bréf sem hún hafi fundið í fórum Ingibjargar sem stílað var á ungan dreng eða konu sem hafði beðið Ingibjörgu um einhverskonar aðstoð í sálarmálum sínum.<sup>155</sup> Þetta bréf er hvergi að finna, og engin leið að vita hvernig Despina grisjar pappíra Ingibjargar sem eru sendir heim. Þó virðist

---

<sup>153</sup> BSR Einkaskjalasafn nr. 506, askja 1. Bréf frá Despinu Karadja til Guðrúnar Halldórsdóttur 2. júní 1963.

<sup>154</sup> BSR Einkaskjalasafn nr. 506, askja 1. Bréf frá Despinu Karadja til Guðrúnar Halldórsdóttir 12. maí 1963. Frumtexti: „It really made my heart ache to take it down from the wall...For 30 years it has given me joy when I looked at it as it was a reminder of the affection and gratitude Ingibjörg inspired ... Because when I die one never knows what may happen and no one will care for the things and carry out her wishes with so much love as I have done.“

<sup>155</sup> Despina Karadja, *En minnesbok*, 39.

Despinu hafa fundist mikilvægast að tryggja að skrif Ingibjargar; fyrirlestrar og handrit, auk upplýsinga um framlag hennar til kirkjumála séu varðveitt. Sú ímynd Ingibjargar er allsráðandi í þeim skjölum sem Despina sendir inn á skjalasöfn hér heima.

### 4.3 Ímyndarsköpun

Í grein sinni um kvennaparið Beth Hennings og Ginu Leffler segir Hanna Winkvist það afar óalgengt allt fram á tíunda áratug síðustu aldar að dánartilkynningar og minningargreinar hafi verið sendar til sænskra dagblaða af vinum eða kunningjum hins látna, slíkt hafi nánast undantekningarlaust fallið í hlut fjölskyldumeðlima. Winkvist teflir fram minningargrein Ginu um Beth til þess að rökstyðja að þær hafi litið hvor á aðra sem fjölskyldu frekar en herbergisféлага eða vinkonur.<sup>156</sup> Sem eini aðstandandi Ingibjargar í nærumhverfi hennar tekur Despina, líkt og Gina, það að sér að senda dánartilkynningu Ingibjargar til íslenskra, sænskra, danskra og breskra dagblaða. Í dánartilkynningu Ingibjargar í *Svenska dagbladet* er Despina ein skráð sem aðstandandi hennar.<sup>157</sup> Minningargreinar eftir Despinu birtast ekki í íslenskum dagblöðum, en stuttu eftir andlát Ingibjargar annast hún útgáfu ritlingsins *En minnesbok* þar sem hún birtir samsafn af minningargreinum um Ingibjörgu – þar af eina eftir hana sjálfa.<sup>158</sup>

Í skrifum fræðimanna um minningargreinar sem heimildaflokk er rauði þráðurinn sá að notagildi textanna felist ekki endilega í því að miðla upplýsingum um ævi hins látna, heldur séu þær ágætis vitnisburður um gildi samfélagsins eða ríkjandi orðræður.<sup>159</sup> Minningargreinarnar færa ævi einstaklings í bókmenntaform, þar sem mannkostum hins látna er stillt upp og þeir mátaðir við hugmyndir og gildismat samfélagsins.<sup>160</sup> Þannig er lagt upp með að sýna fram á að manneskjan sem er heiðruð í textanum hafi samrýmst þessu gildismati í lífi og starfi og bera skrifin þess einkenni að vera höfundarverk einstaklings sem syrgir, sem leitast við að heiðra og með því móta minningu hins látna. Með öðrum orðum varpa minningargreinar fram glansmyndum af

---

<sup>156</sup> Winkvist, „Beth Hennings och Gina Leffler,“ 239.

<sup>157</sup> „Döde,“ 2.

<sup>158</sup> Karadja, *En minnesbok*, 37–47.

<sup>159</sup> Annadís Greta Rúdólfsdóttir, „Aldrei þú á aðra skyggðir,“ 41–42.

<sup>160</sup> Guðmundur Andri Thorsson, „Einkavæðing textans,“ 17.

einstaklingum, eða helgimyndum líkt og sagnfræðingurinn Sigurður Gylfi Magnússon hefur kallað þær.<sup>161</sup>

Myndin sem Despina dregur upp af Ingibjörgu með skjölunum sem hún sendir heim og í minningargreininni sem hún skrifar um hana í *En minnesbok* kallast á við þessa greiningu. Í greininni rekur Despina starfsferil Ingibjargar af mikilli kostgæfni, þar sem áherslan er lögð á framlag Ingibjargar til samfélagsins. Þar eru störf hennar innan K.F.U.K í aðalhlutverki, en skrifin um þau eru þrædd inn í almennari frásögn um Ingibjörgu sem einstakling sem þjónaði guði í einu og öllu. Þjóðernisást Ingibjargar er einnig gerð að umtalsefni, þar sem Despina lýsir hollustu hennar í garð Íslands þrátt fyrir að hún hafi búið erlendis bróðurpart ævinnar. Þá lýsir Despina mannkostum Ingibjargar og er sú Ingibjörg sem lýst er í greininni vinnusöm, námfús, væn, hjálpsöm og réttisýn manneskja. Despina lýsir hér gallalausri manneskju, og þar sem hún nefnir átök milli hennar og samstarfsfólks hennar innan K.F.U.K. er útskýringuna að finna í ódrepanði réttisýni Ingibjargar; hún hafi aldrei gefið afslátt á gildum sínum, með tilheyrandi afleiðingum.

Í upphafi minningargreinarinnar lýsir Despina útgangspunkti skrifa sinna á þann veg, að fyrir hafi vinir og vandamenn skrifað um ákveðin tímabil í lífi og starfi Ingibjargar; en að henni sé falið að fylla í eyðurnar. Raunar lýsir hún því yfir að hún ætli sér að „hella úr fjársjóði minninganna“ og skrifa um hana „sem manneskju og vin – skrifa um hana eins og ég fékk að kynnast henni á áratugalangri vináttu í framúrskarandi ríkulegri ævi í daglegri samveru með henni...“<sup>162</sup> Persónulegt samband þeirra leikur þó síður en svo aðalhlutverk í greininni og lítið sem ekkert fjallar hún um þá hlið sem hún ein þekkti af Ingibjörgu. Eftir að hún þakkar Guði innilega fyrir að hafa leitt þær saman skrifar hún ævibrot Ingibjargar; hinnar trúuðu, góðhjörtuðu og föðurlandselskandi konu sem hún deildi lífi sínu með í 39 ár. Á yfirborðinu ber minningargreinin samskonar einkenni og skrif Despinu til Dúnu þar sem mannkostir Ingibjargar eru hinir sömu. Sá munur er hins vegar á textunum að í bréfunum fjallar Despina í meira mæli um hið hversdagslega á borð við ferðalög þeirra og hátíðisdaga en hið opinbera svið fær meira vægi í minningargreininni.

---

<sup>161</sup> Sigurður Gylfi Magnússon, *Fortíðardraumar*, 172.

<sup>162</sup> Karadja, *En minnesbok*, 37. Frumtexti: „som människa och som vän – skriva om henne sådan jag lärda känna henne under vår mångåriga vänskap i ett enastående rikt liv i dagligt samvaro med henne.“

Ekkert tilefni er til þess að gera atlögu að þeirri mynd sem Despina dregur upp af Ingibjörgu í minningargreininni, það fer ekki á milli mála að þetta er glansmynd; skrifin eru fyrst og fremst afurð syrgjanda sem hefur það að markmiði að heiðra minningu ástvinar. Textinn er þó athyglisverður vitnisburður um það hvernig Despina vildi minnast Ingibjargar á hinu opinbera sviði, fyrir allra augum. Þar er framlag Ingibjargar til samfélagsins í forgrunni. Samskonar minningu er haldið á lofti í ákvæðum minningarsjóðs sem Despina stofnar í nafni Ingibjargar stuttu eftir andlátíð. Þar segir að sjóðurinn sé stofnaður „til minningar um hina göfugu, kristnu konu...sem frá fyrstu æskuárum hefur helgað Guði líf sitt og alla ævi þjónað honum með starfi í K.F.U.K. og öðru kristilegu starfi á Íslandi, Danmörku, víðsvegar á Norðurlöndunum og á Englandi...“ Sjóðurinn hafði það að markmiði að efla kristilegt starf íslenskra ungmenna, og tryggir hann þannig áframhaldandi framlag Ingibjargar til samfélagsins og guðs að henni látinni. Despina lagði til allan höfuðstól sjóðsins, eða 50.000 íslenskar krónur.<sup>163</sup>

#### 4.4 Sjálfsmeðvitaður skjalamyndari

Í grein frá árinu 2009 gerir kanadíski skjalafræðingurinn Rob Fisher grein fyrir viðhorfum tveggja starfsbræðra sinna, Jenkinson og Schellenberg, til persónulegra heimilda. Jenkinson og Schellenberg, sem voru miklir áhrifavaldar á enskumælandi skjalahefð á fyrri hluta 20. aldar, eiga báðir erfitt með að taka slíkar heimildir í sátt sem raunveruleg skjöl, persónulegar heimildir séu ekki *upprunalegar*. Til að rökstyðja þennan dóm sinn benda þeir meðal annars á að einkaskjalasöfn verði ekki til á skipulagðan og náttúrulegan hátt líkt og skjalasöfn opinberra stofnana, heldur séu þau sett saman, og þar að auki sé varðveisluferrill þeirra ekki samfelldur. Opinberum stofnunum er lögum samkvæmt skylt að afhenda gögn inn á varðveislustofnun, og hafa þær þannig tilkall til skjalanna frá sköpun þeirra. Skjalamyndurum persónulegra skjala, er hins vegar valkvætt að senda skjöl inn á vörslustofnun og tekur eignarréttur skjalanna því breytingum.<sup>164</sup> Þá komast slík skjöl jafnan í vörslu þriðja aðila áður en þau eru afhent skjalasafni og kunna tilfinningar þeirra sem setja söfnin saman að hafa

<sup>163</sup> „Skipulagsskrá fyrir minningarsjóð Ingibjargar Ólafsson á Íslandi,“ 178.

<sup>164</sup> Fisher, „In Search of a Theory of Private Archives,“ 19.

úrslitaáhrif á þær upplýsingar sem heimildirnar hafa að geyma. Í tilfalli Ingibjargar er þriðji aðilinn Despina,<sup>165</sup> Hér verður litið svo á að þessir annmarkar persónulegra heimilda, sem skjalafræðingarnir tveir benda á, dragi ekki úr heimildagildi persónulegu heimildanna. Þær eru hins vegar vandmeðfarnar, og þeir annmarkar sem dregnir eru fram í grein Fishers varpa ljósi á einkenni skjalanna í einkaskjalasafninu sem hér er til skoðunar. En líkt og Liz Stanley kemst að orði í greininni „The Epistolarium–“ eru vankantarnir sem aðrir fræðimenn sjá á persónulegum heimildum einmitt einhver athyglisverðustu einkenni heimildanna.<sup>166</sup>

Ítarleg skrif Despinu um dánarbú Ingibjargar sem rædd voru hér að ofan gera það að verkum að skjalasafnið vísar í sjálft sig; útskýringarnar fyrir því hvernig og á hvaða forsendum munir eru afhentir vörslustofnun eða sendir heim til þriðja aðila sem síðar skilar gögnunum inn á Borgarskjalasafn koma fram í bréfum sem varðveitt eru í einni af öskjunum. Þá má einnig lesa tilfinningar Despinu gagnvart því að afhenda skjölin áfram; tilfinningar sem eru mjög tvíbentar. Hvatir Despinu eru einnig uppi á borðinu. Í skrifum sínum til Dúnu kemur til að mynda skýrt fram að hún sé meðvituð um að hún sé að móta frásögn um Ingibjörgu fyrir fræðimenn framtíðarinnar. Í ársbyrjun 1965 finnur Despina myndir af Ingibjörgu sem hún póstleggur til Dúnu, en í sama mund og hún telur það mikilvægt að Dúna og fjölskyldan fái afrit af myndunum sé það ekki síður mikils virði fyrir Ísland sem heild „...þar sem ég er viss um að sá tími muni komi að einhver muni vilja skrifa um hana.“<sup>167</sup>

Despina setur ekki einungis mark sitt á skjalasafnið með því að eiga hlut í því að setja það saman, heldur gerir hún það einnig með beinum hætti. Séu ferðaplön Ingibjargar frá árinu 1923 til að mynda skoðuð, má sjá innlegg Despinu: „Þar sem I.O og D.K. hittust í fyrsta skipti!“,<sup>168</sup> stendur greinilega með rithönd Despinu á spássíunni. Samskonar innskot Despinu koma víða við sögu í skjalasafninu. Despina hefur skrifað inn á mörg handrit Ingibjargar, þar sem hún tekur meðal annars fram hvort um tvítak sé að ræða eða frumrit eða hvort hún sé búin að færa skjalið til bókar, og merkir því

---

<sup>165</sup> Sama heimild, 9.

<sup>166</sup> Stanley, „The Epistolarium“, 202.

<sup>167</sup> BSR einkaskjalasafn 506, askja 1. Bréf frá Despinu Karadja til Guðrúnar Halldórsdóttur 19.01.1965. Frumtexti: „...as I feel sure the time will come when someone will want to write about her.“

<sup>168</sup> BSR Einkaskjalasafn 506, askja 4. Ferðabók Ingibjargar Ólafsson 1923. Frumtexti: „Då I.O. och D.K. träffattes första gängen!“



„afritað – fært til bókar“<sup>169</sup> á síðuhausinn. Annars staðar hefur hún límt pappírshútt á skjalið með skilaboðum. Á eintak af smásögu Ingibjargar í danskt tímarit festir hún til að mynda eftirfarandi skilaboð þar sem hún biður Dúnu um að passa „vel upp á þetta.“ Vegna þess að úrklippan væri „eina“ eftirliggjandi eintakið af þessari sögu sem var elskuð og endurprentuð í mörgum tímaritum.<sup>170</sup> Það er óljóst hvað Despina meinar með því að úrklippan hafi að geyma eina eintak sögunnar – sem var ekki bara endurprentuð oft líkt og hún minnst hér á, heldur einnig birt í bókinni *Þorkell á bakka og aðrar sögur*.<sup>171</sup>

Önnur skjöl bera þess vott að Despinu þyki sérstaklega mikilvægt að þau séu varðveitt. Þannig skrifar Despina að Ingibjörg hafi „elskað“ sálm nr. 225 á afriti af Hymns of Consecration and Faith sem geymt er í skjalasafninu. Myndir úr safni Ingibjargar eru einnig oft á tíðum merktar með undirskrift Despinu, að viðbættum upplýsingum um samhengi myndanna. Vissulega liggur ekki fyrir hvort Despina riti á myndirnar fyrir eða eftir andlát Ingibjargar – en í einhverjum tilfellum virðist hún hafa ættingja Ingibjargar í huga þar sem hún skrásetur hvort myndir séu teknar á heimili þeirra í Rottingdean, London eða á ferðalögum þeirra.

Þannig setur Despina sinn svip á heimildirnar sem hún skilar til Íslands; annars vegar með því að senda valdar heimildir heim, og hins vegar með skilaboðum á bakhliðum ljósmynda, spássíum og síðuhausum. Hún ítrekar mikilvægi ákveðinna heimilda sama hvort þær voru Ingibjörgu sérstaklega kærar eða einungis til í einu eintaki. Vandvirkni Despinu við að fara í gegnum pappíra Ingibjargar, og mikilvægi þess að viðhalda minningu um Ingibjörgu kemur hvað skýrast fram í þessu spássíupári. Þannig skilur Despina eftir sig skýr ummerki í skjalasafninu.

#### 4.5 Það sem hvílir í Rottingdean

Þegar Ingibjörg var jörðuð lagði Despina tylft af rósum og handfylli af dalaliljum á leiði Ingibjargar að jarðarförinni lokinni. Í bréfi til Dúnu skýrir hún valið, sem birtist okkur sem tákmynd fyrir samband þeirra; rauðar rósir voru eftirlæti Ingibjargar, en sænskar

---

<sup>169</sup> Frumtexti: „Copied–Entered.“

<sup>170</sup> BSR einkaskjalasafn 506, askja 3. Handrit. Frumtexti: Keep this carefully. It is the only now remaining copy of this story which was loved and re-printed in many papers. It is included in the book ‘Thorkil’!

<sup>171</sup> Ingibjörg Ólafsson, *Þorkell á bakka og aðrar sögur*.

dalaliljur hennar eigið eftirlæti.<sup>172</sup> Næstu ár gætir Despina vel að leiðinu, hún plantar nýjum blómum með reglulegu millibili og gróðursetur íslenska plöntu – sem hún kann þó ekki deili á, til þess að skapa tengingu milli fósturjarðar Ingibjargar og hennar hinsta hvíldarstaðar í Rottingdean.<sup>173</sup> Þó að Despina hafi verið tilbúin til þess að skilja við skjöl Ingibjargar með tilheyrandi erfiði reyndist hugmynd Sigurbjarnar Á. Gíslasonar, að flytja lík Ingibjargar heim til Íslands, henni ofviða. Bréfaskipti hennar við Bjarna Jónsson og Sigurbjörn Á. Gíslason um þau efni er annað dæmi um það hvernig Despina tók ákvarðanir um það hvernig skyldi halda dánarbúi Ingibjargar til haga og hvernig jarðarförinni ætti að vera háttað. Þar er markmiðið í senn að halda minningu Ingibjargar á lífi á Íslandi líkt og reifað var hér að ofan – en einnig að gera Despinu kleift að minnast hennar í sínu nærumhverfi á eigin forsendum.

Sigurbjörn hafði skrifað Despinu í septembermánuði 1961, og Bjarni kallað eftir frekari svörum nokkru seinna, þegar dauði Ingibjargar var yfirvofandi. Bréf Sigurbjarnar eru ekki vís, en af svari Despinu að dæma spyrst hann þar meðal annars fyrir um jarðarfararplönin; hvort Ingibjörg vilji ekki láta jarðsyngja sig heima á Íslandi. „Það er þessi spurning sem veldur því að ég hef dregið á langinn að svara bréfi yðar,“ segir Despina sem skrifar Sigurbirni ekki til baka fyrr en í janúarmánuði 1962, og bætir við að henni sé þungbært bæði að hugsa til þess og skrifa um hugsanlegt andlát Ingibjargar, hún hafi ekki „haft hugrekki til þess að gera það,“ þrátt fyrir trú sína. Despina gengst þó við því að nauðsynlegt sé að gera ákveðnar ráðstafanir „sama hversu sárt það reynist.“ Í lýsingu á þeim ráðstöfunum sem þær Ingibjörg höfðu komið sér saman um talar Despina ávallt um þær sambýliskonurnar í fleirtölu; þær óska sér að vera brenndar, það stendur í erfðaskrá þeirra beggja, og þær óska þess að tvö skrín með ösku þeirra séu grafin í eina og sömu gröfina í kirkjugarðinum í Rottingdean. Despina hræðist þó að þessi krafa hennar, sem þó er lögð fram af þeim báðum, sé of tilætlunarsöm, líkt og birtist okkur í lok bréfsins til Sigurbjarnar og Bjarna:

...Þannig höfðum við hugsað okkur þetta, og ég verð að játa að fyrir mínar sakir er það hræðilega tómleg tilhugsun að hafa ekki einu sinni gröf hennar hérna

---

<sup>172</sup> BSR Einkaskjalasafn nr. 506, askja 1. Bréf frá Despinu Karadja til Guðrúnar Halldórstóttur, 13. júní 1963.

<sup>173</sup> Sama heimild, 14. júní 1963.

... og að lík mitt fengi ekki að hvíla við hlið hennar. En ég veit einnig að þessi hugsunarháttur er sjálfselskur og ætti ekki að vera ákvarðandi þáttur.<sup>174</sup>

Þessum óskum Despinu og Ingibjargar varð ekki haggð og er leiði þeirra í Rottingdean minnisvarði um samband þeirra og líf í Rottingdean. Fræðimenn sem skrifað hafa um kvennapör fyrir á öldum hafa lagt nokkra merkingu í sameiginlegar grafir. Þær eru séðar sem vitnisburður eða minnisvarði um sambúðina og tryggð við hvor aðra í lifandi lífi.<sup>175</sup> Í bók sinni um hinar fyrrnefndu Ladies of Llangollen vekur Fiona Brideoake einmitt athygli á kvennapörum um miðja 20. öldina sem óskuðu eftir því að vera grafnar í einu og sömu gröfina, að fyrirmynd kvennaparsins frá Llangollen, til þess að búa til minnisvarða sem bar vott um mikilvægi sambandsins.<sup>176</sup> Sameiginleg ákvörðun Despinu og Ingibjargar um grafreit sinn, og táknrænar blómaskreytingar Despinu á leiðinu gera það að verkum að leiðið afhjúpar sig sem minnisvarði um samband þeirra.

Ofangreind skrif um jarðarför Ingibjargar, auk bréfanna til Dúnu um dánarbúið gefa til kynna að Despina hafi vegið og metið allar ákvarðanir sínar í kringum andlát Ingibjargar, og því vakna upp spurningum um afdrif bréfanna þeirra á milli. Það er ekki hæpið að ganga út frá því að Despina hafi haldið bréfunum þeirra á milli eftir hjá sér, hvort sem það hafi verið til þess að stýra þeirri ímynd Ingibjargar sem birtist á skjalasafninu, hafi þar verið eitthvað sem þær töldu ekki eiga tilkall til almennings – eða einfaldlega til þess að halda í eitthvað til þess að minnst hennar, eftir að bróðurpartur dánarbúsins var kominn til Íslands.

Orð Ingibjargar sem Despina rifjar upp í áðurnefndu bréfi til Dúnu; að önnur þeirra þyrfti að deyja á undan hinni til þess að tryggja að pappírar þeirra enduðu á réttum stað, eru þannig í senn fyrirboði um þögnina og afdrif persónulegra heimilda Despinu.

Eins og áður hefur komið fram er einhver möguleiki á því að persónulegar heimildir Despinu sé að finna í skjalasafni Karadja fjölskyldunnar í Rúmeníu, en ljóst er

---

<sup>174</sup> BSR Einkaskjalasafn nr. 506, askja 1. Afrit af bréfi til Sigurbjarnar Á. Gíslasonar frá Despinu Karadja til Bjarna Jónssonar, 19. febrúar 1962. Frumtexti: „Sa hade vi tänkt det och jag erkänner, att för mig skulle det kännas förfärande tomt att icke ens ha hennes graf här ... och att mitt stoft icke skallar få vila vid hennes. Men jag vet även att i en sådan sak få själviska känslor icke vara de bestämmande.“

<sup>175</sup> Brideoake, *The Ladies of Llangollen*, xv.

<sup>176</sup> Sama heimild, xviii.

af skjalaskránni að höfundur hennar hefur takmarkaðan áhuga á Despinu í samanburði við bróður hennar og föður.<sup>177</sup> Fátt bendir raunar til þess að dánarbú og skjöl Despinu hafi verið gerð upp af jafn mikilli nákvæmni og Despina gerir upp skjöl Ingibjargar – líkt og Despina hafði áhyggjur yfir. Til að mynda flokkaði Despina bókasafn Ingibjargar af nákvæmni og sendi inn á þrjár vörslustofnanir, en bókasafn Despinu hefur hins vegar tvístrast og er að finna búta úr því hjá fornbókasölum víða um heim – þar sem henni er oftast ekki ruglað saman við móður sína.<sup>178</sup>

---

<sup>177</sup> Sk Rînzîş, *Arhive personale și familiale*, 57.

<sup>178</sup> Sjá t.d. <https://abebooks.com/first-edition/Studier-Ofver-Skanska-Triumfkrucufix-ANDERBERG-Adolf/31093082033/bd> og <https://zvab.com/British-Moths-transformations-Butterflies-HUMPHREYS-H.N/30313495773/bd>

## Niðurstöður

Í upphafi þessarar ritgerðar var spurt hvaða mynd af sambandi þeirra Ingibjargar og Despinu væri að finna í einkaskjalasafni Ingibjargar. Sú leið var farin að byrja á því að gefa mynd af sameiginlegri ævisögu þeirra tveggja – til þess að skilja hvar þagnir ríkja í skjalasafninu. Því næst voru ákveðin bréf í skjalasafninu skoðuð nánar – og að lokum var skjalasafnið sem heild skoðað sem fyrirbæri sem Despina setur mark sitt á með ýmsum aðferðum. Þessir þrjú þættir varpa allir sem einn ljósi á skurðpunkta þagnarinnar og hljóðsins í skjalasafninu. Vissulega ríkir þar ákveðin þögn um samband þeirra og hið persónulega svið í víðari skilningi – en þegar þögnin er skoðuð nánar kemur í ljós að hún er full af hljóðum, og skjalasafnið hefur að geyma margvíslegar birtingarmyndir sambands Despinu og Ingibjargar.

Það er einkar viðeigandi að velta fyrir sér þögnum og eyðum í skjalasöfnum í tengslum við skjalasafn Ingibjargar vegna þess að heimildir sem þar er að finna fjalla beinlínis um það hvernig skjalasöfn verða til, og hvaða hlutverki sú manneskja sem gerir dánarbúið upp og býr til skjalasafnið gegnir við að móta og viðhalda minningu hinnar látnu. Í bréfum sínum til Dúnu ræðir Despina mikilvægi þess að halda minningu Ingibjargar lifandi, veltir því fyrir sér hvort einhver skrifi um hana í framtíðinni og hræðist tilhugsunina að einhver annar – sem ekki þyki jafn vænt um Ingibjörgu – taki þetta verkefni að sér.

Hér hefur verið gerð tilraun til þess að segja sameiginlega ævisögu þeirra tveggja, en frásögnin takmarkast af heimildaskorti. Það sem liggur þó í augum uppi er að Ingibjörg og Despina voru lífsförunautar. Þegar samband þeirra er skoðað og það sett í samhengi við rannsóknir á sviði hinsegin fræða og kvennapörum má vel túlka samband þeirra sem rómantíska vináttu kvenna. Sambúðin er ekki komin til af hentisemi – líkt og tíðkaðist þó meðal kvenna á tímabilinu. Þær voru báðar vel stæðar; Ingibjörg náði langt í starfi sínu innan K.F.U.K, og Despina gaf ávallt vinnu sína þar sem hún lifði á móður- og föðurarfi sínum til dánardags.

Þrátt fyrir viðburðaríkan feril á hinu opinbera sviði er þó hæpið að halda því fram að þær Despina og Ingibjörg hafi hafnað einkalífinu á kostnað vinnunnar. Þegar leiðir þeirra liggja saman á þriðja áratug síðustu aldar taka þær sér fasta búsetu, vinnuferðum fækkar og að lokum setjast þær að í smábænum Rottingdean. Þegar heilsu

Ingibjargar fer að hraka tekur Despina þá ákvörðun að helga líf sitt því að annast sambýliskonu sína – og leggur niður störf.

Kostir hinnar sameiginlegu eða samtvinnuðu ævisögu eru meðal annars þeir að aðferðin er fær um að varpa ljósi á stærra sögulegt samhengi líkt og Rósa Magnúsdóttir hefur bent á.<sup>179</sup> Í tilfalli sameiginlegrar ævisögu Despinu og Ingibjargar, varpar hún ljósi á fyrirbæri á borð við þagnir og eyður í skjalasöfnum, og einkenni persónulegra heimilda. Með því að draga fram ákveðin æviatriði þeirra beggja má sjá móta fyrir þögnunum. Sér í lagi má nefna árin sem líða á milli þess sem þær Despina og Ingibjörg kynnast og flytja saman. Um aðdraganda þess og undirbúning ríkir þögn. Engin bréf eru til á milli þeirra frá þessum árum; en að öllum líkindum hafa þær orðið á vegi hvor annarrar, mælt sér mót, eða skrifast á. Með sameiginlega ævisögu þeirra til hliðsjónar, má einnig sjá hvernig mótun skjalasafnsins – sem sumir fræðimenn hafa túlkað sem annmarka – er undir áhrifum tilfinninga Despinu, og því hluti af sögu þeirra tveggja.

Önnur leið sem var farin til þess að draga fram mynd af sambandi þeirra í skjalasafninu var að fara að fordæmi sagnfræðinga sem fengist hafa við samskonar rannsóknir og hafa bent á hve torræður heimildaflokkur sendibréf eru. Þar þarf að lesa á milli línanna og leiða hugann að því hvernig myndmál, vísanir og orðfæri undirstrika nánd sambandsins. Hér setja áður nefndar þagnir og eyður okkur einnig skorður – þar sem bréfin sem rýnt er í eru ávallt til þriðja aðila; fjölskyldumeðlims eða kunningja. Því er birtingarmynd sambandsins í þeim bréfum háð öðru sambandi; það er samband bréfitara og viðtakanda.

Sviðsetning sjálfsins í sendibréfunum, tilefni bréfaskiptanna, hlutur sorgarinnar og ólíkir ritstílar Despinu og Ingibjargar gera það að verkum að Despina er nánast ósýnileg í bréfum Ingibjargar til fjölskyldu sinnar – en sambandið er þvert á móti í forgrunni í skrifum Despinu til Dúnu. Í þeim bréfum má sjá hvernig Despina sveipar tilfinningar sínar trúarlegum blæ, meðal annars með því að varpa því allnokkrum sinnum fram að sambandið þeirra á milli hafi orðið fyrir tilstilli guðs – hann hafi gefið þær saman. Þá undirstrikar hún mikilvægi sambands síns við Ingibjörgu með því að ítreka tilfinningar sínar í garð Dúnu. Dúna er ekki skyld henni, en hún er bróðurdóttir hennar ástkæru vinkonu – og þar að leiðandi mun hún ávallt bera hag Dúnu fyrir brjósti.

---

<sup>179</sup> Rósa Magnúsdóttir, „Þóra, Kristinn og kommúnisminn,“ 119.

Athyglisvert er að velta fyrir sér endurtekningum og þrástefjum í skrifum Despinu um Ingibjörgu; hún ræðir endurtekið lengd sambandsins við Dúnu og sleppir því sjaldnast að minnast á hversu hamingjusöm þessi langa sambúð hafi verið og hversu ánægjulegar minningar hún hafi skilið eftir sig – sem minnir satt að segja talsvert á orðræðu um hjónabönd. Despina fer þó sjaldnast í saumana á ákveðnum minningum eða æviatriðum og því eru takmarkaðar upplýsingar í skjalasafninu um það hvernig hversdagslífi þeirra var háttað, eða hvernig samband þeirra kom fólki í nærumhverfi þeirra fyrir sjónir. Þegar afmæli þeirra eða jól ber á góma minnir hún Dúnu á að þær hafi ávallt fagnað þessum hátíðisdögum saman, og tilhugsunin að fagna þeim án Ingibjargar virðist bera hana ofurliði. Þessi þrástef undirstrika nánd sambandsins þar sem áhersla er lögð á lengd þess og hollustu þeirra í garð hvor annarrar sem lífsförunauta – án þess að Despina varpi ljósi á hvers eðlis sambandið hafi verið.

Ásamt því að skoða skjalasafnið með stækkunargleri er hægt að skoða það í heild sinni – með tilliti til þess hvernig heimildirnar sem það hefur að geyma komust á sinn stað. Bróðurpartur skjalanna er sendur til Íslands af Despinu eftir andlát Ingibjargar. Þar á meðal eru handrit Ingibjargar, úrklippur úr dagblöðum og minningabækur. Sameiginlegt einkenni þessara skjala er að þau styrkja ímynd Ingibjargar á hinu opinbera sviði og undirstrika framlag hennar til samfélagsins og kirkjunnar. Sendibréfin sem eru á skjalasafninu eru flest skrifuð af Ingibjörgu sjálfri, eða Despinu. Þau voru afhent skjalasafninu af viðtakendum bréfanna, fjölskyldu Ingibjargar. Því virðist Despina ekki hafa sett það í forgang að senda persónulegar heimildir Ingibjargar til landsins – þó henni hafi verið mjög í mun að senda aðra pappíra heim – líkt og kemur skýrt fram í sendibréfunum á skjalasafninu.

Despina gerir sig sýnilega í þeim heimildum sem hún afhendir safninu, þrátt fyrir að þær fjalli hvorki um hana né samband hennar við Ingibjörgu. Þetta gerir hún með því að rissa athugasemdir á síðuhausu og spássíur, undirstrika mikilvægi ákveðinna heimilda og setja þær í samhengi. Með því sýnir hún í senn fram á ríkulega þekkingu á skjölunum og Ingibjörgu og það hversu mikilvægt það er henni sjálfri að viðhalda minningunni um Ingibjörgu. Tilurð skjalasafnsins og sú mynd af sambandi þeirra og Ingibjörgu sjálfri sem skjalasafnið hefur að geyma er því afurð þeirra tilfinninga og skuldbindinga sem Despina upplifði í garð Ingibjargar. Einkenni skjalasafnsins; þagnir, hljóð og allt þess á milli eru hluti af þeirri skjalavinnu Despinu sem hún kallaði sjálf

sína síðustu þjónustu í garð vinkonu sinnar. Skjalasafnið, hvort tveggja tilurð þess og minningin sem er ríkjandi þar um Ingibjörgu, Despinu og samband þeirra tveggja, má því sjá sem hluta af þeirra sameiginlegu ævisögu – þar sem margvíslegar frásagnir um samband þeirra og ævi er að finna; leggi maður við hlustir.



## Heimildaskrá

### Óprentaðar heimildir

#### Borgarskjalasafn Reykjavíkur (BSR)

BSR. Einkaskjalasafn nr. 506. Askja 1. Bréfa og málasafn 1914–1976

BSR. Einkaskjalasafn nr. 506. Askja 2. Bréfa-og málasafn 1907-1964.

BSR. Einkaskjalasafn nr. 506. Askja 3. Bréfa-og málasafn 1918-1963

BSR. Einkaskjalasafn nr. 506. Askja 5. Bréfa-og málasafn,1927.

BSR. Einkaskjalasafn nr. 506. Askja 6. Bréfa-og málasafn, kort og prentað mál, 1911-1919.

BSR. Einkaskjalasafn nr. 506. Askja 7. Bréfa-og málasafn, prentað mál, 1919-1938.

BSR. Einkaskjalasafn nr. 506. Askja 8. Ljósmyndir 1865-1967.

#### Héraðsskjalasafn Austur-Húnavatnssýslu (HAH)

HAH. Einkaskjalasafn Halldóru Bjarnadóttur. Askja 5. Örk 41. Bréfa-og málasafn 1923-1955.

#### Örebro Universitetsbibliotek (OUB)

OUB. Mörnerarkivet.

### Prentaðar heimildir

„A Godless Russia. Christian Effort in the Border States.“ *Belfast news-Letter*, 29. október 1934, 11.

„A Princess’s Party.“ *Evening News (London)*, 20. mars 1913, 5.

„A Visitor in Belfast from Scandinavia. Introduced by a Princess“ *Belfast Telegraph*, 1. nóvember 1934, 2.

Aðalsteinn Eiríksson. „Saga skólans“ Í *Kvennaskólinn í Reykjavík 1874–1974*, ritstj. Guðrún P. Helgadóttir, 89–207. Reykjavík: Almenna bókafélagið, 1974.

Allen, Judith. „Evidence and Silence. Feminism and the Limits of History.“ Í *Feminist Challenges: Social and Political Theory*, ritstj. Carole Pateman og Elizabeth Gross, 173–190. London: Routledge, 1986.

- Anna Ólafsdóttir Björnsson. „Af konum og menntun á 20. öld.“ Í *Kvennaslóðir. Rit til heiðurs Sigríði Th. Erlendsdóttur sagnfræðingi*, ritsj. Anna Agnarsdóttir, Erla Hulda Halldórsdóttir, Hallgerður Gísladóttir, Inga Huld Hákonardóttir, Sigríður Matthíasdóttir og Sigríður K. Þorgrímsdóttir, 275–286. Reykjavík: Kvennasögusafn Íslands, 2001.
- Annadís Greta Rúdólfsson. „„Aldrei þú á aðra skyggðir.“ Staða sjálfins í minningargreinum og viðtölum.“ Í *Íslenskar kvennarannsóknir*, ritsj. Helga Kress og Rannveig Traustadóttir, 41–50. Reykjavík: Háskóli Íslands, 1997.
- „Arrangements for this Day.“ *The Morning Post*, 14. september 1892, 5.
- „Á hæztu stöðum. Ingimundur til viðtals í húsinu hvíta.“ *Reykjavík* 14, nr.34 (1913): 133.
- Ásta Kristín Benediktsdóttir og Rannveig Sverrisdóttir. „Að hinsegja heiminn.“ *Ritið* 17, nr. 2 (2017): 3–12.
- Ásta Kristín Benediktsdóttir, Hafdís Erla Hafsteinsdóttir og Íris Ellenberger. *Huldukonur*. Sótt 8. október 2021. <https://huldukonur.is/>.
- Ásta Kristín Benediktsdóttir, Hafdís Erla Hafsteinsdóttir og Íris Ellenberger. „Meira en þúsund orð. Ljósmyndun og rómantísk vinátta við upphaf tuttugustu aldar.“ *Saga* LVII, nr. 1. (2019): 7–17.
- Bjarni Jónsson. „Ingibjörg Ólafsson.“ *Árbók (Kristilegt bókmenntafélag)* 5, nr. 1 (1936): 50–55.
- Borgstrom, Eva og Winkvist Markusson, Hanna. „Om kärlek, kamratskap och kamp.“ Í *Den kvinnliga tvåsamhetens frirum: kvinnopar i kvinnorörelsen, 1890–1960*, ritstj. Eva Borgstrom og Hanna Winkvist Markusson, 237–263. Stokkhólmur: Appell Förlag, 2018.
- Brideoake, Fiona. *The ladies of llangollen: Desire, Indeterminacy, and the Legacies of Criticism*. Lewisburg: Bucknell University Press, 2017.
- Bríet Bjarnhéðinsdóttir. „Bækur.“ *Kvennablaðið* 18, nr. 5 (1912): 36–38.
- Bryans, Robin. *The Dust Has Never Settled: An Autobiography*. London: Honeyford Press, 1992.
- Burius, Anders og Andreas Tjerneld. „Lars Olsson Smith.“ Svenskt biografiskt lexicon, sótt 23. september 2022. <https://sok.riksarkivet.se/sbl/Presentation.aspx?id=6071>.
- „Bækur.“ *Kvennablaðið* 18, nr.4 (1912): 27–29.
- Cadbury, Edward. „The Selly Oak Colleges“ *International Review of Mission* 26, nr. 1 (1937): 119–121.
- Caine, Barbara. *Biography and History*. Basingstoke: Palgrave Macmillan, 2010.

- Carter, Rodney G.S. „Of Things Said and Unsaid: Power, Archival Silences, and Power in Silence.“ *Archiva: The Journal of the Association of Canadian Archivists* 61, nr. 1 (2006): 215–233.
- Dagný Kristjánsdóttir. „Hinsegin raddir. Um sannar og lognar lesbíur í bókmenntum og listum.“ *Skírnir* 177, nr. 2. (2003): 451–479.
- „Döde.“ *Svenska Dagbladet*, 9. júní 1962, 2.
- Erla Hulda Halldórsdóttir. „Táknmynd eða einstaklingur? Kynjað sjónarhorn sögunnar og ævi Sigríðar Pálsdóttur.“ *Skírnir* 187, nr.1 (2013): 80–115.
- Erla Hulda Halldórsdóttir. „The Narrative of Silence.“ *Life Writing* 7, nr. 1 (2010): 37–50.
- Erla Hulda Halldórsdóttir. *Nútímans konur: menntun kvenna og mótun kyngervis á Íslandi 1850–1903*. Reykjavík: Sagnfræðistofnun Háskóla Íslands, 2011.
- Evander, Sven. *Thora Ohlsson: 1868–1946: Sjukgymnast i London*. Lund: Thora Ohlssons stift., 1993.
- Faderman, Lillian. *Surpassing the Love of Men : Romantic Friendship and Love Between Women from the Renaissance to the Present*. London: Junction Books, 1981.
- Fisher, Rob. „In Search of a Theory of Private Archives: The Foundational Writings of Jenkinson and Schellenberg Revisited.“ *Archivaria: The Journal of the association of Canadian Archivists* 67 (2009): 1–24.
- Frände, Pia. „Prins Karadja och silkessnöret.“ Í *Sverige och den islamiska världen : Ett svenskt kulturarv*, ritsj. Karin Åddahl, 111–113. Stokkhólmur: Wahlström & Widstrand, 2002.
- G. Hjaltason. „Siðferðismálið.“ *Suðurland*, nr. 9 (1912): 35.
- Guðmundur Andri Thorsson. „Einkavæðing textans.“ *Tímarit Máls og menningar* 60, nr. 2 (1999): 16–20.
- Gunnar Árnason. „Ingibjörg Ólafsson sjötug.“ *Kirkjuritið* 22, nr. 8 (1956): 366–367.
- Gunnar Árnason. „Ingibjörg Ólafsson.“ *Kirkjuritið* 28, nr. 6 (1962): 276–279.
- Hafdís Erla Hafsteinsdóttir. „Forsenda fyrir betra lífi? Tilraun til skilgreiningar á hinsegin sögu“ Í *Svo veistu að þú varst ekki hér. Hinsegin sagnfræði og hinsegin saga á Íslandi*, Ásta Kristín Benediktsdóttir, Hafdís Erla Hafsteinsdóttir og Íris Ellenberger, 21–58. Reykjavík: Sögufélag, 2017.
- „Hos prinsessan Karadja.“ *Blekingekuriren*, 5. janúar 1899, 4.
- Ingibjörg Ólafsson. „Íslenzk Dúakonissu-stofnun.“ *Nýtt kirkjublað* 10, nr. 5 (1915): 50–54.
- Ingibjörg Ólafsson. „Nordentoft prófastur og íslensk mál.“ *Lögrétta*, nr. 6 (1914): 20.

- Ingibjörg Ólafsson. „Pontus Wikner.“ *Nýtt kirkjublað*, nr.1 (1915): 1–4.
- Ingibjörg Ólafsson. *Nokkur orð um siðferðisástandið á Íslandi*. Reykjavík: Ingibjörg Ólafsson, 1912.
- Íris Ellenberger. „Ég er alveg í öðrum heimi. Kvennaskólinn í Reykjavík, kvannahreyfingin og hinsegin ástir meðal kennslukvenna um aldamótin 1900.“ *Ritið* 21, nr. 2 (2021): 103–133.
- Karadja, Despina. „Fröken Ingibjörg Ólafsson.“ *Tíminn*, 9. september 1936, 144.
- Karadja, Despina. „Skuld mín við Krist.“ *Bjarmi* 30, nr. 4 (1936): 14–16.
- Karadja, Despina. *En minnesbok*. Kaupmannahöfn: Despina Karadja, 1962.
- Kristín Svava Tómasdóttir. „Nýjar leiðir til að lifa og elska.“ Í *Konur sem kjósa. Aldarsaga*. Erla Hulda Halldórsdóttir, Kristín Svava Tómasdóttir, Ragnheiður Kristjánsdóttir og Þorgerður Þ. Þorvaldsdóttir, 136. Reykjavík: Sögufélag, 2020.
- „Landar erlendis.“ *Fréttir*, 2. janúar 1916, 371.
- „Literature.“ *East Anglian Daily Times*, 21. mars 1892, 7.
- Newman, Sally. „The Archival Traces of Desire: Vernon Lee’s Failed Sexuality and the Interpretation of Letters in Lesbian History“ *Journal of The History of Sexuality* 14, nr. 1 (2005): 51–75.
- Nilson, Ulrika. „Mary Lousie (Mary) Karadja.“ Svenskt kvinnobiografiskt lexikon, 9. febrúar 2021. Sótt 14. september 2022. <https://skbl.se/en/article/MaryKaradja>.
- Nyberg, Petra. „Thora Cecilia Ohlsson.“ Svenskt kvinnobiografiskt lexikon, 3. febrúar 2020. Sótt 15. september 2022. <https://www.skbl.se/sv/artikel/ThoraOhlsson>.
- Olsen, Tillie. *Silences*. New York: The Feminist Press at the City University of New York, 2003.
- „Overseas Visitors. Guests of Capt. And Mrs. J. P. Boyd-Carpenter.“ *Motherwell Times*, 30. júní 1911, 6.
- Páll Baldvin Baldvinsson. „Og þú skalt sofa í hundrað ár. Revíur í Reykjavík.“ *Skírnir* 154, nr. 1 (1980): 89–122.
- Rînzîş, Filofteia. *Arhive personale și familiale : Vol. 1 repertoriu arhivistic*. Búkares: Arhivele naționale ale României, 2001.
- Rósa Magnúsdóttir. „Þóra, Kristinn og Kommúnisminn. Hugleiðingar um ævisögu í smíðum.“ *Skírnir* 187, nr. 1 (2013): 116–139.
- S.J. „Ingibjörg Ólafsson og starf hennar.“ *Óðinn* 18, nr. 1.–6 (1922): 9–14.
- Sigríður K. Þorgrímsdóttir. „„Mitt hjarta svarar ekki.“ Af ástum og ástleysi um aldamótin 1900.“ Í *Kvennaslóðir. Rit til heiðurs Sigríði Th. Erlendsdóttur sagnfræðingi*, ritstj. Anna Agnarsdóttir, Erla Hulda Halldórsdóttir, Hallgerður Gísladóttir, Inga Huld

- Hákonardóttir, Sigríður Matthíasdóttir og Sigríður K. Þorgrímsdóttir, 456–465. Reykjavík: Kvennasögusafn Íslands, 2001.
- Sigurbjörn Á. Gíslason. „Ingibjörg Ólafsson sjötug.“ *Morgunblaðið*, 16. nóvember 1956, 15.
- Sigurbjörn Á. Gíslason. „Hvaðanæfa.“ *Bjarmi* 16, nr. 14–15 (1922): 119–120.
- Sigurbjörn Á. Gíslason. „Ingibjörg Ólafsson.“ *Morgunblaðið*, 11. september 1921, 3.
- Sigurður Gylfi Magnússon. *Fortíðardraumar. Sjálfsbókmenntir á Íslandi*. Reykjavík: Háskólaútgáfan, 2004.
- Sigurgeir Sigurðson. „Merk og göfug kona“ *Lindin* 5, nr. 1 (1938): 96–97.
- „Skipulagsskrá fyrir minningarsjóð Ingibjargar Ólafsson á Íslandi“ *Kirkjuritið* 28, nr. 5. (1962): 178.
- Sontag, Susan. „The Aesthetics of Silence.“ Í *Styles of Radical Will*, 3–34. New York: Farrar, Straus and Giroux, 1969.
- Stanley, Liz. „Mourning Becomes...: The Work of Feminism in the Spaces Between Lives Lived and Lives Written.“ *Women's Studies International Forum* 25, nr. 1. (2002): 1–17.
- Stanley, Liz. „Romantic Friendship? Some Issues in Researching Lesbian History and Biography.“ *Women's History Review* 1, nr. 2 (1992): 193–213.
- Stanley, Liz. „The Epistolarium. On Theorizing Letters and Correspondences.“ *Auto/Biography* 12, nr. 1 (2004): 201–235.
- Steindór Steindórsson. *Saga Menntaskólans á Akureyri 1880–1980*. Akureyri: Menntaskólinn á Akureyri, 1981
- Svanhildur Óskarsdóttir. „Fröken Ingibjörg Ólafsson erindreki.“ *Árnastofnun*, 22. júní 2018. Sótt 12. ágúst 2021. <https://arnastofnun.is/is/greinar/froken-ingibjorg-olafsson-erindreki>.
- Tamboukou, Maria. „Archival Rythms: Narrativity in the Archive.“ Í *The Archive Project. Archival Research in the Social Sciences*, Andrea Salter, Niamh Moore, Maria Tamboukou og Liz Stanley, 71–96. London: Routledge, 2016.
- „The Late Prince Karadja Pacha.“ *The Morning Post*, 17. ágúst 1894, 5.
- Tjärnlund, Nils Johan. „L.O. Smith's Grandson – The Prince who Saved Tens of Thousands of Lives.“ The Absolut Company. Sótt 20. september 2022. <https://theabsolutcompany.com/legacy/post/lo-smith-english/l-o-smiths-grandson-the-prince-who-saved-tens-of-thousands-of-lives/>.
- van Dijk, Floris. „On Diplomats during the Holocaust: The Case of the Romanian Constantin Karadja.“ *Diplomat Magazine*, 1. maí 2022. Sótt 20. september 2022.

<https://diplomatmagazine.eu/2022/05/01/on-diplomats-during-the-holocaust-the-case-of-the-romanian-constantin-karadja/>.

Vicinus, Martha. *Intimate Friends: Women Who Loved Women, 1778–1928*. Chicago: University of Chicago Press, 2004.

Vilhelm Vilhelmsson. „Lauslætið í Reykjavík. Umræður um siðferði, kynfrelsi og frjálsar ástir á Íslandi við upphaf 20. aldar“ *Saga XLIX*, nr. 1. (2011): 104–131.

Winkvist Markusson, Hanna. „Beth Hennings och Gina Leffler – Kärlek mellan raderna.“ Í *Den kvinnliga tvåsamhetens frirum: kvinnopar i kvinnorörelsen, 1890–1960*, ritsj. Eva Borgstrom og Hanna Winkvist Markusso, n 237–263. Stokkhólmur: Appell Förlag, 2018.

Þjóðskjalasafn Íslands. Manntal 1880. <http://www.manntal.is/>.

Þórhildur Ísberg. „Dóttir Íslands. Ingibjörg Ólafsson.“ *Húnvaka* 27, nr. 1. (1987): 126–133.